

Stjórnartíðindi

1959 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skrifað inn á bls. 14-15.

Gallar á bls. 11, 48, 56, 65, 81, 124-125, 188, og 209.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1959

A-DEILD



REYKJAVÍK — 1959
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Efnisyfirlit.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
4	20. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar	5—6
57	24. jan.	Auglýsing um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands	201
1	30. jan.	Lög um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.	1—4
2	S. d.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959	4
5	5. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk	6
8	12. febr.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands	8
3	13. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1959	5
6	17. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum	6—7
7	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna	7—8
9	12. marz	Lög um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis	9
10	17. marz	Lög um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs	9—10
11	20. marz	Lög um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrisjóð starfsmanna ríkisins	10
12	23. marz	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Ítalíu	11
14	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands	12
15	S. d.	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Austurríkis	13
13	31. marz	Lög um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959	12
16	16. apríl	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Spánar	13
17	20. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla	13—14
18	22. apríl	Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berkla-sjúklinga	14—15

IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
19	24. apríl	Lög um sameign fjölbýlishúsa	15—18
20	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bjarnastaði í Unadal	18
21	27. apríl	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1956	19—20
22	S. d.	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	20—21
23	S. d.	Lög um sauðfjárbaðanir	22—23
24	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð	24
25	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.	24
46	S. d.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og sambandsríkisins Malaya um afnám vegabréfsáritana	148
26	30. apríl	Fjárlög fyrir árið 1959	25—129
28	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1959, um almannatryggingar	130
29	S. d.	Lög um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat	131
27	6. maí	Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar	129—130
30	9. maí	Lög um breyting á lögum nr. 105 21. desember 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrisjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og lántöku í því skyni	131
31	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði	132
32	11. maí	Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 28. júní 1959	133
33	14. maí	Forsetabréf um þinglausnir	133
35	23. maí	Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins	134
36	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland	135
37	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði	135—136
38	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum	136—137
39	S. d.	Lög um ítölu	137—141
40	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt	141—142
41	S. d.	Lög um byggingarsjóð Listasafns Íslands	143
42	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.	143—145
43	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur	145
44	S. d.	Fjáraukalög fyrir árið 1956	146—147
45	26. maí	Lög um afnotarétt húsnæðis fyrir félagsstarfsemi	148

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
47	26. maí	Auglýsing um að samningur við Þýzkaland um mæli- bréf skipa frá 1895 sé úr gildi fallinn	149
48	27. maí	Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Dan- merkur	149
49	9. júlí	Forsetabréf er stefnir Alþingi saman til aukafundar þriðjudaginn 21. júlí 1959	149
50	31. júlí	Lög um eftirlit með skipum	150—166
51	14. ágúst	Stjórnskipunarlög um breyting á stjórnarskrá lýð- veldisins Íslands, 17. júní 1944	167
52	S. d.	Lög um kosningar til Alþingis	168—198
53	15. ágúst	Forsetabréf um þinglausnir	198
54	S. d.	Forsetabréf um almennar kosningar til Alþingis	198—199
55	17. ágúst	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1959	199
58	S. d.	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar	201
59	20. ágúst	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Spánar um afnám vegabréfsáritana	201
56	18. sept.	Bráðabirgðalög um verð landbúnaðarafurða	199—200
69	28. sept.	Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu	211
63	10. nóv.	Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1959 skuli koma saman til fundar föstudaginn 20. nóvember 1959 ..	203
64	20. nóv.	Auglýsing um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.	203—204
65	7. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	205
66	15. des.	Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960	205
67	S. d.	Lög um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga	206—208
68	S. d.	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	208—211
70	23. des.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 74 30. des. 1958, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um al- mannatryggingar	212

Yfirlit

eftir stafrófsröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Almannatryggingar.			
28	30. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1959, um almannatryggingar	130
27	6. maí	Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar	129—130
70	23. des.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 74 30. des. 1958, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar	212
Alþingi, alþingiskosningar.			
3	13. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1959	5
9	12. marz	Lög um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis	9
32	11. maí	Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 28. júní 1959	133
33	14. maí	Forsetabréf um þinglausnir	133
49	9. júlí	Forsetabréf er stefnir Alþingi saman til aukafundar þriðjudaginn 21. júlí 1959	149
52	14. ágúst	Lög um kosningar til Alþingis	168—198
53	15. ágúst	Forsetabréf um þinglausnir	198
54	S. d.	Forsetabréf um almennar kosningar til Alþingis	198—199
55	17. ágúst	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1959	199
63	10. nóv.	Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1959 skuli koma saman til fundar föstudaginn 20. nóvember 1959 ..	203
65	7. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	205
Alþjóðabankinn.			
30	9. maí	Lög um breyting á lögum nr. 105 21. desember 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og lántöku í því skyni	131
Atvinnuleysistryggingar.			
4	20. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar	5—6

VII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Berklasjúklingar.	
18	22. apríl	Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berkla- sjúklinga	14—15
		Botnvörpuveiðar.	
6	17. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum	6—7
		Bráðabirgðafjárgreiðslur, sjá fjárlög.	
		Búnaðarmálasjóður.	
10	17. marz	Lög um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs	9—10
		Bæjarstjórn.	
31	9. maí	Lög um breyting á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði	132
		Dýralæknar.	
7	17. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna	7—8
		Félagsstarfsemi.	
45	23. maí	Lög um afnotarétt húsnæðis fyrir félagsstarfsemi	148
		Firmu og prókúruumboð.	
24	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð	24
		Fjárlög, fjáraukalög.	
2	30. jan.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráða- birgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959	4
13	31. marz	Lög um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráða- birgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959	12
26	30. apríl	Fjárlög fyrir árið 1959	25—129
44	23. maí	Fjáraukalög fyrir árið 1956	146—147
66	15. des.	Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960	205
		Fjölbýlishús.	
19	24. apríl	Lög um sameign fjölbýlishúsa	15—18
		Gistihúshald.	
25	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.	24

VIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Gjaldeyrismál.	
30	9. maí	Lög um breyting á lögum nr. 105 21. desember 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og lántöku í því skyni	30
		Hafnarfjörður.	
31	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði	132
		Hafnargerðir, lendingarbætur.	
43	23. maí	Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur	145
		Happdrætti.	
18	22. apríl	Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga	14—15
36	23. maí	Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland	135
		Ítala.	
39	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum	136—137
		Kirkjumál.	
17	20. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla	13—14
		Landbúnaður.	
7	17. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna	7—8
10	17. marz	Lög um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs	9—10
23	27. apríl	Lög um sauðfjárbaðanir	22—23
56	18. sept.	Bráðabirgðalög um verð landbúnaðarafurða	199—200
68	15. des.	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	208—211
		Launamál.	
1	30. jan.	Lög um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.	
		Lendingarbætur.	
43	23. maí	Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur	145

IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Lífeyrissjóður.	
11	20. marz	Lög um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyris- sjóð starfsmanna ríkisins	10
		Listasafn Íslands.	
41	23. maí	Lög um byggingarsjóð Listasafns Íslands	143
		Prestakallaskipun.	
17	20. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla	13—14
		Rafmagnsveitur.	
35	23. maí	Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins	134
		Ríkisborgararéttur.	
22	27. apríl	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	20—21
		Ríkisjarðir.	
20	24. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bjarnastaði í Unadal	18
		Ríkisreikningur.	
21	27. apríl	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1956	19—20
		Ríkisstjórnin.	
64	20. nóv.	Auglýsing um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.	203—204
		Sauðfjárbaðanir, sjá landbúnað.	
		Skattar, tollar.	
29	30. apríl	Lög um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að inn- heimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat	131
40	23. maí	Lög um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt	141—142
		Skip, eftirlit.	
38	23. maí	Lög um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum	136—137
		Sogsvirkjun.	
35	23. maí	Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins	134

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Stjórnarskráin.	
51	14. ágúst	Stjórnarskipunarlög um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944	167
		Sveitarsjóðir.	
29	30. apríl	Lög um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat	131
		Sýsluvegasjóður.	
37	23. maí	Lög um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði	135—136
		Söluheimild.	
20	24. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bjarnastaði í Unadal	18
		Utanríkismál.	
57	24. jan.	Auglýsing um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands	201
8	12. febr.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands	8
14	23. marz	Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands	12
15	S. d.	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Austurríkis	13
16	16. apríl	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Spánar	13—14
46	29. apríl	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og sambandsríkisins Malaya um afnám vegabréfsáritana	148
47	26. maí	Auglýsing um að samningur við Þýzkaland um mælibréf skipa frá 1895 sé úr gildi fallinn	149
48	27. maí	Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Danmerkur	149
58	17. ágúst	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar	201
59	20. ágúst	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Spánar um afnám vegabréfsáritana	201
60	24. ágúst	Auglýsing um framlengingu á viðskiptasamningi milli Íslands og Ítalíu	202
61	S. d.	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Ísrael	202
62	S. d.	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands	202
69	28. sept.	Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu	211

XI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Útflutningssjóður.			
42	23. maí	Lög um breyting á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.	143—145
Vangefið fólk.			
5	5. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk	6
Vegabréfsáritun.			
15	23. maí	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Austurríkis	13
46	29. apríl	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og sambandsríkisins Malaya um afnám vegabréfsáritana	148
59	20. ágúst	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Spánar um afnám vegabréfsáritana	201
Veitingasala, gistihúshald.			
25	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.	24
Verðlagsmál og laun.			
1	30. jan.	Lög um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.	1—4
Verzlunarskrár, firmu, prókúruumboð.			
24	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð	24
Vörumerki.			
12	23. marz	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Ítalíu	11

L Ö G

1

30. jan.

um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. febrúar 1959 skal greiða verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, samkvæmt vísitölu 175 stig. Á bótaupphæðir þær, sem ákveðnar eru í II. kafla laga nr. 24/1956, um almannatryggingar, svo og í 37. og 38. gr. sömu laga og í lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, skal þó frá sama tíma greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 185.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um ákvæðisvinnutaxta, sem byggðir eru á tímalaunum, vikulaunum eða mánaðarlaunum. Lækkun ákvæðisvinnutaxta frá 1. febrúar 1959 skal nema sama hundraðshluta og lækkun sú, er verður á viðkomandi tímalaunum, vikulaunum eða mánaðarlaunum samkvæmt 1. málsg. þessarar gr.

Aksturstaxtar vörubifreiða og fólksbifreiða skulu frá 1. febrúar 1959 lækka sem svarar niðurfærslu launa bifreiðastjóra í taxtagrundvelli til samræmis við lækkun kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, miðað við hæð hennar, þá er ákveðin var sú launaupphæð, sem er í taxtagrundvelli við gildistöku laganna. Sama skal gilda um alla aðra taxa og gjöld, sem fylgt hafa breytingum á launum viðkomandi starfsstéttar samkvæmt þeim taxtagrundvelli, sem í gildi hefur verið á hverjum tíma.

Nú eru laun ákveðin með samningi eða á annan hátt fyrir gildistöku laganna sem heildarlaun. án þess að grunnlaun séu tiltekin sérstaklega, og skulu þau þá lækka frá 1. febrúar 1959 í hlutfalli við lækkun kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, miðað við hæð hennar, er launaupphæðin var ákveðin.

2. gr.

Vísitala viðhaldskostnaðar húsa í Reykjavík 1. desember 1958 skal reiknuð á ný til samræmis við kaupgreiðsluvísitölu 175 stig að því er snertir launaliði fyrrnefndrar vísitölu, og eftir henni skal reiknuð ný húsaleiguvísitala, sem að öðru leyti er miðuð við verðlag þennan dag.

Húsaleiga, sem samkvæmt leigusamningi fylgir húsaleiguvísitölu, skal á tímabilinu 1. febrúar til 31. marz 1959 greidd eftir þeirri húsaleiguvísitölu, er reikna skal samkvæmt fyrri málsg. þessarar gr.

3. gr.

Þá er vísitala framfærslukostnaðar með grunntölu 100 1. marz 1950 er reiknuð miðað við verðlag í byrjun mánaðanna febrúar og marz 1959, skal miða húsnæðislið hennar við þá vísitölu viðhaldskostnaðar, er reikna skal samkvæmt fyrri málsg. 2. gr., að svo miklu leyti sem húsnæðisliður vísitölu framfærslukostnaðar fylgir vísitölu viðhaldskostnaðar.

Vísitala framfærslukostnaðar í febrúar 1959 skal miðuð við verðlag 6. dag mánaðarins.

4. gr.

Í kauplagsnefnd eiga sæti þrír menn, einn skipaður eftir tilnefningu hæstaréttar og er hann formaður, en hinir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, hvors um sig. — Nefndin vinnur störf sín í samráði við Hagstofu Íslands.

Kostnaður við nefndina, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

1
30. jan. Hinn 1. marz 1959 skal taka gildi nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík, samkvæmt niðurstöðum neytlurannsóknar þeirrar, er kauplagsnefnd hefur framkvæmt í samráði við Hagstofuna. Skal útgjaldaupphæð hins nýja vísitölugrundvallar 1. marz 1959 vera sú grunnupphæð, er síðari breytingar vísitöluunnar miðast við, og jafngildir því grunntölu 100. Vísitala framfærslukostnaðar skal reiknuð mánaðarlega miðað við verðlag í mánaðarbyrjun, eftir grundvallarreglum, sem kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

5. gr.

Frá 1. marz 1959 skal verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 1. gr. lögð við grunnupphæðir launa og annarra greiðslna, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, og telst hvort tveggja grunnlaun, er greiða skal verðlagsuppbót á samkvæmt ákvæðum 6. gr.

6. gr.

Kaupgreiðsluvísitala skal ákveðin sem hér segir frá 1. maí 1959:

Á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1959 skal greiða verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, í hlutfalli við hækkun þá á vísitölu framfærslukostnaðar, sem kann að hafa orðið frá 1. marz til 1. apríl 1959.

Frá 1. september 1959 skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sem kauplagsnefnd reiknar eftir vísitölu framfærslukostnaðar á þann hátt, að eigi sé tekið tillit til þeirrar breytingar á hinni síðarnefndu, er á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarvörum vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar, er leitt hefur af greiðslu verðlagsuppbótar á laun almennt síðan 1. maí 1959. Tekur þetta jafnt til þeirra breytinga verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, sem ákveðnar eru samkvæmt 8. gr. þessara laga, sem til þeirra breytinga á honum, sem ákveðnar eru samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, að svo miklu leyti sem þær leiðir af greiðslu verðlagsuppbótar á laun síðan 1. maí 1959.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er um ræðir í 2. málsg. þessarar gr., reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. ágúst, 1. nóvember, 1. febrúar og 1. maí, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu 3 mánuði, frá 1. september, 1. desember, 1. marz og 1. júní.

7. gr.

Frá 1. febrúar 1959 skal færa niður laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara fyrir framleiðsluárið 1958—59 sem svarar lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 185 stigum í 175 stig. Frá sama tíma skal framleiðsluráð landbúnaðarins lækka afurðaverð til framleiðenda í hlutfalli við lækkun þá á heildarupphæð verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, sem leiðir af niðurfærslu vinnuliðs hans.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal frá 1. febrúar 1959 færa heildsöluverð á þeim framleiðsluvörum, sem eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara, til samræmis við lækkun afurðaverðs samkvæmt 1. málsg. þessarar gr. og við lækkun þá á vinnslu- og dreifingarkostnaði afurða, sem leiðir af lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 202 stigum í 175 stig og af annarri lækkun tilkostnaðar vegna ákvæða þessara laga. Sama niðurfærsla skal eiga sér stað á útsöluverði þeirra landbúnaðarvara, sem ekki er á skráð heildsöluverð.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal frá 1. febrúar 1959 lækka eggjaverð til framleiðenda svarandi til þeirrar lækkunar á verði til framleiðenda annarra landbúnaðarvara, sem ákveðin er í 1. málsg. þessarar gr. Ákvæði 2. málsg. þessarar gr. skulu gilda á hliðstæðan hátt við ákvörðun framleiðsluráðs á heildsöluverði eggja.

Ákvarðanir framleiðsluráðs landbúnaðarins um smásöluálagningu á það heild-

söluverð landbúnaðarvara, er ákveðið verður frá 1. febrúar 1959 samkvæmt 2. málsg. 1 og 2. málslið 3. málsg. þessarar gr., skulu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar. 30. jan.

8. gr.

Frá 1. maí og 1. desember 1959 og á árinu 1960 og framvegis frá 1. marz, 1. júní og 1. desember er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka afurðaverð til framleiðenda svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá vísitölu, sem verðlagsuppbót á laun er greidd eftir frá sama tíma samkvæmt ákvæðum 6. gr. Þó er slík hækkun því aðeins heimil, að kaupgreiðsluvísitala sú, sem gildir frá byrjun viðkomandi tímabils, sé minnst 2 stigum hærrí en sú vísitala, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir. — Nú lækkar kaupgreiðsluvísitalan, og skal framleiðsluráð landbúnaðarins þá lækka afurðaverð svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá vísitölu, sem verðlagsuppbót á laun er greidd eftir næstu þrjá mánuði samkvæmt ákvæðum 6. gr. Þó skal slík lækkun ekki eiga sér stað, nema kaupgreiðsluvísitalan hafi lækkað 2 stig eða meira frá þeirri vísitölu, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir, og lækki kaupgreiðsluvísitalan niður fyrir 102 stig, þá skal fella niður þá hækkun afurðaverðs, sem leitt hefur af hækkun kaupgreiðsluvísitölnnar umfram 1 stig frá grunnvísitölu samkvæmt 1. og 2. máslíð þessarar gr.

Frá 1. maí og 1. desember 1959 og á árinu 1960 og framvegis frá 1. marz, 1. júní og 1. desember er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka afurðaverð til framleiðenda svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá hækkun, sem kann að hafa orðið á grunnkaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík á undangengnu þriggja mánaða tímabili.

9. gr.

Frá 1. febrúar 1959 skal skiptaverð á fiski til bátasjómannanna lækka í sama hlutfalli og nemur lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 185 stigum í 175 stig. Hið sama skal gilda um fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómannanna miðast við. Frá 1. maí 1959 skal skiptaverð á fiski til bátasjómannanna og fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómannanna miðast við, hækka í samræmi við þá verðlagsuppbót, sem kann að verða greidd á laun á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum 6. gr. þessara laga.

Frá 1. febrúar 1959 skal greiða verðlagsuppbót á kauptryggingu bátasjómannanna samkvæmt kjarasamningum eftir kaupgreiðsluvísitölu 185. Frá 1. marz 1959 skal verðlagsuppbót samkvæmt þessu lögð við grunnupphæð kauptryggingar, og telst hvort tveggja grunnkauptrygging, er breytist í samræmi við þá verðlagsuppbót, sem kann að verða greidd á laun á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum 6. gr.

10. gr.

Framleiðendur hvers konar vöru og þjónustu skulu þegar eftir gildistöku þessara laga lækka söluverð til samræmis við þá lækkun launakostnaðar, sem leiðir af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig og af annarri lækkun tilkostnaðar vegna ákvæða þessara laga, svo og svarandi til þess, að hagnaður framleiðenda lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölnnar. Tekur þetta til gjalda fyrir hvers konar flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, sömuleiðis til greiðslna til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu, dúklagningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur tekur þetta til verðs á snyrtingu, fatapressun, gistingu, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Gjöld fyrir greiðasölu, veitingar og fæði skulu lækka bæði vegna þeirrar lækkunar tilkostnaðar, sem leiðir beint og óbeint af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu, og vegna lækkaðs verðs á landbúnaðarvörum. — Ákvæði þessarar málsgr. taka ekki til vörutegunda,

1 sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur til vöru, sem seld er 30. jan. úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага.

Aksturstaxtar vörubifreiða og fólksbifreiða skulu þegar eftir gildistöku þessara laga lækka til samræmis við þá lækkun kostnaðar annars en bifreiðastjóra-launa í taxtagrundvelli, sem leiðir af ákvæðum þessara laga. Sama skal gilda um alla aðra taxa og gjöld, sem fylgt hafa breytingum tilkostnaðar samkvæmt þeim taxtagrundvelli, sem í gildi hefur verið á hverjum tíma.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laga þessara setja nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæða 1. og 2. málgr. þessarar gr.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til lækkunar á vöruverði í heildsölu og smásölu til samræmis við þá lækkun dreifingarkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum þessara laga, svo og svarandi til þess, að hagnaður verzlana lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvisitölunnar. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu innanlands.

11. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum allt að 100 000 kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 55. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., falla úr gildi 31. janúar 1959.

Gjört að Bessastöðum, 30. janúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

2

30. jan.

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, skal gilda til 1. apríl 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 30. janúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

L Ö G

3

13. febr.

um samkomudag reglulegs Alþingis 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1959 skal koma saman mánudaginn 12. október, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

4

20. jan.

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, að upphæð kr. 4.88 miðað við vinnuviku, unna í þjónustu hans. Nú verður breyting á grunnkaupi Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, og breytist þá iðgjaldið um næstu áramót í samræmi við það. Við ákvörðun iðgjaldsins skal miðað við meðaltalsgrunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu á síðastliðnu ári. Iðgjald þetta skal greiða með vísitöluálagi, samkvæmt meðalvísitölu þeirri, sem umrætt kaup hefur verið greitt eftir árið á undan.

Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 stundir í viku, en brot úr viku telst heil vika.

2. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. bætist:

Nú breytist grunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, að breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum í samræmi við það.

3. gr.

Frestur sá til endurskoðunar á lögnum, sem settur er í 22. gr., framlengist um tvö ár.

4
20. jan.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Gjört í Reykjavík, 20. janúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

5
5. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. febrúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

6
17. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 70 30. júní 1958, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðherra að veita íslenskum skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.

Drátt fyrir ákvæði 1. málsg. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiski- 6
félags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal 17. febr.
bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk
þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg,
þar á meðal að allur aflfi annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi, og skulu þá veiðarfæri öll vera í húlka
innanborðs.

3. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt samkvæmt tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans
og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands að veita fiskirannsóknarskipum og
vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu eða flotvörpu í rannsóknarskyni innan
fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi samkvæmt þessari grein skal ávallt tímabundið.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 82 8. des. 1952, um breyting á
lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. febrúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124
22. des. 1947, um dýralækna.

7

17. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Á Íslandi skulu vera dýralæknisumdæmi, sem hér segir:

1. *Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi:* Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnar-
fjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. *Borgarfjarðarumdæmi:* Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla,
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla að Skógarstrandarhreppi.
3. *Dalaumdæmi:* Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnessýslu, Dalasýsla og Austur-
Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi.
4. *Barðastrandarumdæmi:* Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barða-
strandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrar-
hreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

- 7 5. *Ísafjarðarumdæmi*: Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur
17. febr. í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Árneshreppur í Strandasýslu.
6. *Húnaþingsumdæmi*: Húnavatnssýslur og Strandasýsla að Árneshreppi.
7. *Skagafjarðarumdæmi*: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
8. *Eyjafjarðarumdæmi*: Ólafsfjörður, Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
9. *Þingeyjarþingsumdæmi*: Suður-Þingeyjarsýsla austan Vaðlaheiðar, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
10. *Austurlandsumdæmi*: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalsheiði.
11. *Austur-Skaftafellssýsluumdæmi*: Austur-Skaftafellssýsla og Suður-Múlasýsla norður að Breiðdalsheiði.
12. *Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi*: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
13. *Rangárvallaumdæmi*: Rangárvallasýsla að Austur-Eyjafjallahreppi.
14. *Selfossumdæmi*: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar.
15. *Laugarásumdæmi*: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt án sérstakra launa úr ríkissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum eftir ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. febrúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

8

12. febr.

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands.

Hinn 3. febrúar 1959 var undirritaður í Helsingfors samningur um viðskipti milli Íslands og Finnlands. Samningurinn gildir frá 1. febrúar 1959 til 31. janúar 1960.

Helztu útflutningsvörur frá Íslandi til Finnlands verða saltsild, sildar- og fiskimjöl, þorskalýsi, fryst fiskflök, freðsild, skreið, garnir og gærur.

Helztu útflutningsvörur frá Finnlandi til Íslands verða trjáviður, krossviður, þilplötur, pappi og pappírsvörur, rafmagnsvélar, járnvörur og gúmmiskófatnaður.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 12. febrúar 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

L Ö G

9

12. marz

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Kjörskrá til alþingiskosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í hreppum. Kjörskrá skal samin í febrúarmánuði ár hvert og gildir frá 1. maí það ár til 30. apríl næsta ár á eftir.

2. gr.

Fyrri töluliður 1. málsg. 15. gr. laganna orðist svo:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. þessara laga og voru heimilisfastir í sveitarfélaginu hinn 1. desember næst á undan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

L Ö G

10

17. marz

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögín bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum, skal greiða $\frac{1}{2}\%$ viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og búnaðarmálasjóðsgjald.

A 2

17. marz Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. marz 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú verður sjóðfélagi að láta af stöðu sinni vegna heilsubreysts, en tekur síðar aftur við starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, og er honum þá heimilt að kaupa sér réttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubreysts að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað, enda hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt því. Stjóra sjóðsins getur krafizt vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubreysts.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn, unz greindu tíma-marki er náð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

TILSKIPUN

12

23. marz

um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Ítalíu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum á Ítalíu, eins og eigin þegnum, þá vil ég samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki, 13. nóvember 1903, skipa svo fyrir sem hér segir:

Þeir, sem á Ítalíu reka verksmiðjuiðnað eða handiðn, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóvember 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hér greinir:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru á Ítalíu fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal ekki njóta víðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en á Ítalíu.
4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er á Ítalíu, nema gagnstætt sé velsæmi og allsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynnt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að það hefur verið tilkynnt á Ítalíu, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi farið fram um leið og tilkynningin fer fram á Ítalíu.
6. Nú er synjað um skrásetningu samkvæmt 5. gr. nr. 5 framannefndra laga 13. nóvember 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefur tilkynnt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en hinn hafi síðar tekið það upp og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til þess að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgrein nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. marz 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

13

31. marz

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, sbr. og lög nr. 2 1959, skal gilda til 1. maí 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

14

23. marz

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands.

Á grundvelli viðskiptasamnings Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949 (Stj.tíð. A 40/1950) var undirritað í Varsjá, 5. marz 1959, samkomulag um viðskipti Íslands og Póllands á tímabilinu 1. marz 1959 til 31. marz 1960 og er þar gert ráð fyrir svipuðum viðskiptum og á síðast liðnu ári (Stj.tíð. A 41/1958). Óski hvorugur samningsaðili eftir breytingum á samkomulagi þessu áður en samnings-tímabilið er útrunnið, framlengist það sjálfkrafa óbreytt um eitt ár.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 23. marz 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Austurríkis.

15

23. marz

Ísland og Austurríki hafa hvort um sig ákveðið að fella niður skyldu til vegabréfsáritana fyrir borgara annars ríkisins, sem ferðast vilja til hins, enda sé ekki um launaða atvinnu eða lengri dvöl en þriggja mánaða að ræða (sbr. augl. í Lögbirtingabl. nr. 31 8. maí 1954).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 23. marz 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Spánar.

16

16. apríl

Með erindaskiptum í Madrid hinn 16. marz 1959 var viðskiptasamningur Íslands og Spánar frá 17. desember 1949 (Stj.tíð. A 5/1950) framlengdur óbreyttur til 1. apríl 1960.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 16. apríl 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

17

20. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað I. 3 komi:

Kirkjubær. Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.

Prestssetur: Kirkjubær.

Heimilt er kirkjustjórninni að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, ef hentara þykir.

b. Í stað I. 4 komi:

Eiðar. Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.

Prestssetur: Eiðar.

- 17 c. Í stað orðanna „og Laugardælasóknir“ í VI. 31 (Hraungerðisprestakall í Árnassprófastsdæmi) komi: og Selfosssóknir.
20. apríl d. Í stað „Prestssetur: Hvanneyri“ í IX. 52 (Hvanneyrarprestakall í Borgarfjarðarprófastsdæmi) komi: Prestssetur: Staðarhóll.
- e. Við XVII. 89 (Æsustaðaprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi) bætist:
Heimilt er kirkjustjórninni, þegar prestaskipti verða, að flytja prestssetrið að Auðkúlu, enda liggja fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.
- f. Aftan við XX. 110 (Vatnsendaprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Vatnsenda og flytja prestssetrið á hentugri stað, enda liggja fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

18

22. apríl

L Ö G

um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt skal Sambandi ísl. berklasjúklinga að reka vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

- Hlutatalan má ekki fara fram úr sextíu og fimm þúsund. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. janúar ár hvert og síðan 5. dag hvers mánaðar.
- Hlutina má selja í heilu og hálfu lagi. Iðgjöld fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands ísl. berklasjúklinga.
- Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 50% af iðgjöldunum samantöldum í öllum tólf flokkum.
- Dráttur skal fara fram opinberlega í Reykjavík.

2. gr.

Vinningar í vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

3. gr.

Heimild þessi gildir til ársloka 1969. Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til

byggingar og rekstrar vinnustofa fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga, sem viðurkennd er af ríkisstjórninni. 18
22. apríl

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands ísl. berklasjúklinga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi númer lög nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga, og lög nr. 76 26. nóv. 1952 og lög nr. 97 27. des. 1956, um breytingu á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

L Ö G

um sameign fjölbýlishúsa.

19

24. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Fjölbýlishús telst í lögum þessum hvert það hús, sem í eru tvær eða fleiri íbúðir. Íbúð er hvert það herbergi, sem eldhús fylgir.

2. gr.

Lög þessi skulu gilda um sameign manna í fjölbýlishúsum, að svo miklu leyti sem sameigendur hafa ekki samið á annan veg um þau atriði, sem fjallað er um í III. kafla laganna.

II. KAFLI

Um skiptingu sameignarinnar.

3. gr.

Gera skal skiptasamning um öll fjölbýlishús, sem fleiri en einu eigandi er að. Sé um nýbyggingu að ræða, skal skiptasamningur gerður og honum þinglýst eigi síðar en húsið er fókheldt ella innan árs frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Í skiptasamningi skal greina, svo að ekki verði um villzt:

- a) hvaða íbúð hver sameigandi á,
- b) stærð hvernar íbúðar, hvað henni fylgir sérstaklega og lýsing eignarhlutans, sbr. 7. gr.,
- c) eignarhlutfall íbúðarinnar, sbr. 6. gr.

19

24. apríl

5. gr.

Sameign íbúðareigenda í fjölbýlishúsi er með tvennu móti: skiptileg og óskiptileg. Hinn skiptilegi hluti sameignarinnar er íbúðirnar sjálfar, eins og þeim er lýst í skiptasamningi eða heimildarbréfi. Allt annað í fjölbýlishúsinu eiga íbúðareigendur í óskiptri sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi, ef ekki er um annað samið.

Nú skiptir veggur sameign þannig, að aðeins hluti af íbúðareigendum verður saman um gang, stiga, svalir, tröppur eða annað, en aðrir íbúðareigendur hafa þar engin afnot eða aðgang, og telst það þá til hins skiptilega hluta sameignarinnar og tilheyrir viðkomandi íbúðum eftir stærðarhlutfalli þeirra.

6. gr.

Eignarhlutfall hvernar íbúðar í fjölbýlishúsi er fundið með því að reikna út hundraðstölu rúmmáls íbúðarinnar af rúmmáli alls hins skiptilega hluta fjölbýlishússins.

7. gr.

Eignarhluti íbúðareiganda í fjölbýlishúsi er íbúð hans samkvæmt 2. mgr. 5. gr. og hlutdeild í hinni óskiptilegu sameign eftir eignarhlutfalli íbúðarinnar.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sameigenda.

8. gr.

Hver íbúðareigandi hefur full eignarumráð yfir íbúð sinni með þeim takmörkunum, sem leiðir af lögum þessum.

9. gr.

Rétt til að byggja ofan á eða við fjölbýlishús eiga íbúðareigendur allir eftir eignarhlutföllum, en slíkar framkvæmdir eru háðar samþykki allra eigenda.

Nú vill íbúðareigandi afsala réttindum samkvæmt þessari grein, og skulu þau þá metin til verðs af 2 dómkvöddum mönnum, ef aðilar geta eigi um það samið.

10. gr.

Réttur til byggingar bílskúrs á lóð fjölbýlishúss fer eftir eignarhlutföllum í fjölbýlishúsinu, þannig, að sá íbúðareigandi gengur fyrir, sem á stærri eignarhluta. Séu tveir eða fleiri jafnir, ræður hlutkesti.

Arnþrúður Danielsdóttir	3413.00		
Ásdís G. Rafnar	6000.00		
Ásdís Þorgrímsdóttir	2007.00		
Áslaug Thorlacius	6143.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirs- sonar	18375.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja L. Norðdals	4550.00		
Ásta Þorvaldsdóttir	2007.00		
Ástríður Eggertsdóttir	9100.00		
Ástríður Magnúsdóttir	1331.00		
Auður Gísladóttir	3404.00		
Auður Jónasdóttir	12285.00		
Bentína Hallgrímsson	11087.00		
Bergþóra Einarasdóttir	2500.00		
Björg Guðmundsdóttir	2662.00		
Björg Jónasdóttir	4668.00		
Björg Klemenzdóttir	2500.00		
Bryndís Þórarinsdóttir	7122.00		
Camilla Hallgrímsson	5341.00		
Dagbjört Guðjónsdóttir	5000.00		
Dorothea Guðmundsson	4668.00		
Edith Möller	3982.00		
Eleanor Sveinbjörnsson	7985.00		
Elin Jónsdóttir	3675.00		
Elinborg Vigfúsdóttir	2662.00		
Elisabet Jónsdóttir, ekkja Péturs Guð- mundssonar	2007.00		
Elisabet Jónsdóttir, ekkja Rikharðs Krist- mundssonar	5935.00		
Elisabet Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Björns- sonar, fiskmatsmanns	2000.00		
Ellen Einarsson	26904.00		
Ellen Sveinsson	6758.00		
Emilía Benediktsdóttir Kofoed Hansen .	15750.00		
Emilía P. Briem	12285.00		
Estrid Falberg Brekkan	3500.00		
Ethel Arnórsson	6143.00		
Finnbjörg Kristófersdóttir	8309.00		
Friða Hliðdal	22727.00		
Geirlaug Stefánsdóttir	3338.00		

18. gr.

26

30. apríl

	kr.	kr.
Guðbjörg Grímsdóttir	2625.00	
Guðbjörg Guðmundsdóttir	3675.00	
Guðbjörg Kristjánsdóttir	7985.00	
Guðbjörg Tómasdóttir	3992.00	
Guðfinna Þórðardóttir	1996.00	
Guðlaug Magnúsdóttir	13289.00	
Guðný Björnsdóttir	3982.00	
Guðný Magnúsdóttir	3600.00	
Guðríður Eiríksdóttir	3338.00	
Guðríður Ólafsdóttir	3747.00	
Guðrún Arinbjarnar	6143.00	
Guðrún Egilson	13289.00	
Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	6655.00	
Guðrún S. Guðmundsdóttir	5935.00	
Guðrún Hálfánardóttir	2374.00	
Guðrún Hermannsdóttir	2661.00	
Guðrún Jónsdóttir	7985.00	
Guðrún P. Jónsdóttir	7985.00	
Guðrún Oddgeirsdóttir	4748.00	
Guðrún Oddsdóttir	7715.00	
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Benedikts Sveinssonar	21622.00	
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Sigurgeirs Sigurðssonar	5935.00	
Guðrún Ragúels	2007.00	
Guðrún Sveinsdóttir	12802.00	
Guðrún Þorvarðsson	10089.00	
Gunnhildur Jónsdóttir	3150.00	
Gunnjóna Jensdóttir	2000.00	
Halldóra Ólafsdóttir	12285.00	
Halldóra Þórðardóttir	3993.00	
Harriet Jónsson	2989.00	
Hedvig Blöndal	2007.00	
Helga Arngrímsdóttir	3675.00	
Helga Finnsdóttir	14244.00	
Helga I. Stefánsdóttir	2007.00	
Hildur Björnsdóttir	5250.00	
Hlíf Böðvarsdóttir	4550.00	
Hlín Johnson	13553.00	
Hólmfríður Zoëga	6200.00	
Hrefna Ingimarsdóttir	7985.00	
Hrefna Jóhannesdóttir	3993.00	
Hulda Þ. Björnæs	6300.00	
Ingibjörg Björnsdóttir	4154.00	
Ingibjörg Guðmundsdóttir	4000.00	
Ingibjörg Magnúsdóttir	4668.00	
Ingunn Hlíðar	5000.00	
Ingveldur Einarsdóttir	4668.00	
Ingveldur Ólafsdóttir	1996.00	
Jakobína Sigr. Torfadóttir	2843.00	
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	4154.00	

26
30. apríl

		kr.	kr.
Jóhanna Jónsdóttir	5935.00		
Jóhanna Linnét	4000.00		
Jóhanna Magnúsdóttir	4668.00		
Jóhanna Pálmadóttir	9446.00		
Jóna Jakobsdóttir	3413.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	5733.00		
Jónheiður Eggerz	10500.00		
Jónína Jónsdóttir	4000.00		
Júliana M. Jónsdóttir	5401.00		
Karen Jónsson	6300.00		
Katrín Sveinsdóttir	4154.00		
Klara Helgadóttir	4748.00		
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertssonar	3150.00		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	1996.00		
Kristín Pálsdóttir	3338.00		
Kristín Sigurðardóttir	3561.00		
Kristín Thorberg	2457.00		
Kristín Thoroddsen	2457.00		
Kristín Þórarinsdóttir	5935.00		
Kristólína Kragh	2662.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárus- sonar	5036.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Porkelssonar	4154.00		
Lára Skúladóttir	3561.00		
Laufey Vilhjálmsdóttir	15848.00		
Lilja Eypórsdóttir	9450.00		
Lovisa Sveinbjörnsson	20844.00		
Magdalena Ásgeirsdóttir	819.00		
Magnea Magnúsdóttir	10089.00		
Málfriður Árnadóttir	2100.00		
Málfriður Jónsdóttir	5341.00		
Margrét Árnadóttir	5773.00		
Margrét Ásmundsdóttir	2662.00		
Margrét Björnsdóttir	4000.00		
Margrét Blöndal	4154.00		
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	8704.00		
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	2007.00		
Margrét Lárusdóttir	6143.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	2662.00		
Margrét Þórðardóttir	3993.00		
María Guðlaugsson	4914.00		
María J. Klemenzen	2007.00		
María Thoroddsen	10238.00		
María Tómasdóttir	2967.00		
Melitta Urbancic	5000.00		
Nanna Jónsdóttir	5688.00		
Oddný Pétursdóttir	6300.00		
Oktavía Sigurðardóttir	5341.00		
Ólafía Einarsdóttir	7122.00		

		kr.	kr.
Ólafía Finnbogadóttir	1331.00		
Ólafía Jónsdóttir	3185.00		
Ólafía Valdimarsdóttir	3561.00		
Olga E. Jónsson	5935.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	4668.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	6655.00		
Ólöf Sigurðardóttir	3150.00		
Ragnheiður Bjarnadóttir	6655.00		
Ragnheiður Brynjólfssdóttir	3000.00		
Ragnhildur I. Bjarnadóttir	4200.00		
Ragnhildur Teitsdóttir	1899.00		
Ragnhildur Thorlacius	7122.00		
Ragnhildur Thoroddsen	7875.00		
Rannveig Tómasdóttir	3993.00		
Rigmor Ófeigsson	5324.00		
Rósa Eggertsdóttir	3150.00		
Rósa Jónsdóttir	1331.00		
Sesselja Þorsteinsdóttir Clausen	4200.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	6300.00		
Sigríður Bjarnason	10683.00		
Sigríður Einarsson	20475.00		
Sigríður Finnbogadóttir	5324.00		
Sigríður Fjeldsted	5341.00		
Sigríður Gísladóttir	2007.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	2007.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilstöðum	10033.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvitadal	3338.00		
Sigríður Kjartansdóttir	7985.00		
Sigríður Pétursdóttir	5935.00		
Sigríður Snæbjörnsdóttir	3338.00		
Sigríður Snæbjörnssen	5341.00		
Sigríður Þorlákssdóttir Arnórsson	20475.00		
Sigrún Bjarnason	7122.00		
Sigrún Guðbrandsdóttir	4748.00		
Sigurlaug G. Gröndal	2662.00		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	5935.00		
Sólveig Árnadóttir	2007.00		
Sólveig Eggerz	17539.00		
Sólveig Pétursdóttir	5935.00		
Stefanía Hjaltsted	3338.00		
Stefanía Stefánsdóttir	6528.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	3537.00		
Steinunn Jóhannesdóttir	3993.00		
Súsanna Friðriksdóttir	5935.00		
Una Guðmundsdóttir	2000.00		
Unnur Guðjónsdóttir	10500.00		
Unnur Skúladóttir	6655.00		
Valborg Einarsson	6655.00		
Valborg Haraldsdóttir	5688.00		
Valgerður Halldórsdóttir	9496.00		
Valgerður Helgadóttir	5250.00		

		kr.	kr.
Valgerður Jóhannsdóttir	3600.00		
Valgerður Ólafsdóttir	4748.00		
Vigdís G. Blöndal	3338.00		
Viktoría Bjarnadóttir	1004.00		
Vilborg Bjarnadóttir	3798.00		
Vilborg Torfadóttir	2007.00		
Þóra L. Björnsson	7122.00		
Þóra Hjartar	2374.00		
Þóra Jónasdóttir	3413.00		
Þóra Sigfúsdóttir	3000.00		
Þóra Sigurðardóttir	2007.00		
Þóra Skaftason	2007.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	6655.00		
Þórunn Hafstein	2662.00		
Þórunn Pálsdóttir	6655.00		
Þórunn Sigurðardóttir	2007.00		
Þórunn Þórðardóttir	1228.00		
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	4154.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	3276.00		
Þuriður Benediktsdóttir	6675.00		
Þuriður Káradóttir	7715.00		
Þuriður Nielsdóttir	5688.00		
	1250597.00		
Verðlagsuppbót	1037995.00		
		2 288 592	
c. Barnastyrkur:			
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1 ^o /1924, sjúklingur	2007.00		
Verðlagsuppbót	1665.00		
		3 672	
			5 515 699
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 64/1955 og 8. gr. l. 66/1955 (áætlað)			12 800 000
IV. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 65/1955			158 000
V. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940			23 500
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri			4 800 000
Samtals	23 905 157

19. gr.

26

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

30. apríl

	kr.	kr.
1. Launauppbætur að frádregnum visitölulækkunum		17 200 000
2. Til útflutningssjóðs		152 100 000
3. Til óvissra útgjalda		5 000 000
		174 300 000
4. ÷ 5% lækkun á ýmsum fjárfestingarliðum að upphæð samtals 165 950 000 kr.		8 297 500
Samtals	166 002 500

III. KAFLI
Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar		1 850 000
II. Vætanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		500 000
Samtals	2 450 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán	10833419	
b. Lán í dönskum bönkum	486524	
c. Lán í Bandaríkjunum	126500	
	11 446 443	
2. Lán ríkisstofnana:		
Landssíminn (3. gr. A. 2)	3 500 000	
		14 946 443
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað) ..		20 000 000
III. Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2) ...		8 330 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		1 800 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins		200 000
VI. Til byggingar skips vegna Vestmannaeyja og nálæggra hafna, og verði leitað samkomulags við Vestmannaeyinga um stofnframlag og rekstur skipsins		2 500 000
VII. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	4 740 000	
2. Til byggingar fávitahælis	450 000	
		5 190 000
VIII. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		1 700 000
IX. Til flugvallargerða og flugöryggistækja:		
1. Reykjavíkurflugvöllur	1 250 000	
2. Keflavíkurflugvöllur (blindlendingakerfi)	600 000	
3. Akureyrarflugvöllur	825 000	
4. Egilsstaðaflugvöllur	560 000	
5. Norðfjarðarflugvöllur	500 000	
6. Vestmannaeyjaflugvöllur	600 000	
7. Ísafjarðarflugvöllur	1 200 000	
8. Kópaskersflugvöllur	45 000	
9. Vopnafjarðarflugvöllur	40 000	
10. Húsavíkurflugvöllur	150 000	

		20. gr.		26
		kr.	kr.	30. apríl
11.	Flugöryggisþjónusta	700 000		
12.	Ýmislegt	50 000		
			6 520 000	
X.	Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum		700 000	
XI.	Til sjúkraflugvalla		518 000	
XII.	1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri	100 000		
	2. Til byggingar sjómannaskólans	500 000		
	3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	67 500		
	4. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	450 000		
	5. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	1 000 000		
	6. Til framkvæmda á Hvanneyri, samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra	600 000		
			2 717 500	
XIII.	Til bygginga á prestssetrum		1 700 000	
XIV.	Til greiðslu heimtaugargjalda á prestssetrum ...		144 000	
XV.	Til útihúsa á prestssetrum		720 000	
XVI.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		540 000	
XVII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		800 000	
XVIII.	Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurlugvelli		260 000	
XIX.	Til byggingar mjólkurhúss á Hólum		35 000	
XX.	Til bygginga á skólajörðinni Eiðum		100 000	
XXI.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		205 000	
XXII.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglínga		360 000	
XXIII.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Varmá		100 000	
XXIV.	Til atvinnu- og framleiðsluaukningar, eftir ákvörðun 5 manna nefndar, er kosin skal hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi		10 000 000	
XXV.	Til byggingar Kjarvalshúss		500 000	
XXVI.	Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna ..		360 000	
XXVII.	Til aukningar landhelgisgæzlu		6 000 000	
	Samtals	86 945 943	

26
30. apríl

21. gr.
I. Rekstrar

		kr.	kr.
Tekjur:			
2. gr.	Skattar og tollar		778 600 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		240 000 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		2 000 000
5. gr.	Óvissar tekjur		10 000 000
Samtals	1 030 610 000

II. Sjóðs

		kr.
Inn:		
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	1 030 610 000
Aðrar innborganir og fyrningar:		
20. gr. I.	Fyrningar	1 850 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
Samtals ...		1 033 060 000

firlit.
firlit.

26
30. apríl

21. gr.

		kr.	kr.
Gjöld :			
7. gr.	Vextir		5 353 787
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		1 338 260
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkis- reikninga		8 552 797
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		31 326 019
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	62 917 597	
— B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	25 248 448	
— C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur ..	1 285 000	
			89 451 045
12. gr.	Til læknaSKIPUNAR og heilbrigðismála		39 581 244
13. gr. A.	Vegamál	82 976 036	
— B.	Samgöngur á sjó	13 855 600	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	23 178 705	
— D.	Flugmál	9 450 523	
— E.	Veðurþjónusta	4 377 425	
— F.	Ýmis mál	3 267 775	
			137 106 064
14. gr. A.	Kennslumál	139 639 978	
— B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	10 746 505	
			150 386 483
15. gr.	Kirkjumál		12 775 433
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	75 407 984	
— B.	Sjávarútvegsmál	16 242 781	
— C.	Iðnaðarmál	3 327 000	
— D.	Raforkumál	22 654 361	
— E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	7 948 923	
			125 581 049
17. gr.	Til félagsmála		154 680 143
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		23 905 157
19. gr.	Til óvissra útgjalda o. fl.		166 002 500
	Rekstrarafgangur ...		84 570 019
	Samtals	1 030 610 000

firlit.

		kr.
Út :		
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	946 039 981
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	86 945 943
	Greiðslujöfnuður ...	74 076
	Samtals ...	1 033 060 000

Ríkisstjórninni er heimilt:

- I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
- II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.
- III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heima-húsum.
- IV. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1959 hjá allt að 20 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.
- V. Að verja allt að 25 þús. kr. í samráði við símamálastjórnina til þess að tryggja, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum þurfi eigi að bera meiri útgjöld af slíkum tækjum en talsímanotendur, sem hafa notendasíma landssímans í sveitum.
- VI. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1958 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
- VII. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.
- VIII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.
- IX. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað og 15 þús. kr. til kvennaskólans á Blönduósi til tóvinnukennslu.
- X. Að greiða allt að 60 þús. kr. til þess, að lokið verði byggingu sjómannaheimilis í Vestmannaeyjum, sem verið er að reisa á vegum góðtemplara-reglunnar.
- XI. Að heimila Áfengisverzlun ríkisins að greiða Niels Örum Nielsen, Helga Jónassyni, Jóhannesi Björnssyni, Ingunni Kjartansdóttur, Magnúsi Sigurðssyni og Helga Jónssyni viðbótareftirlaun, þannig að ásamt lífeyrissjóðsgreiðslu séu eftirlaun þeirra jöfn fullum lífeyrissjóðsgreiðslum, frá því er þau láta af störfum.
- XII. Að ábyrgjast greiðslu úr ríkissjóði á $\frac{1}{4}$ hluta þeirra áfalla, sem lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna kann að verða fyrir vegna aðildar eftirtalinna verzlunarskólakennara að lífeyrissjóðnum: Jóns Gíslasonar, Þorsteins Bjarnasonar, Gísla Ásmundssonar og Sigurðar Guðjónssonar.
- XIII. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hvernar framkvæmdar.
- XIV. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir sildarverksmiðjur ríkisins til að koma upp soðvinnslutækjum við sildarverksmiðjuna á Raufarhöfn.
- XV. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 1.5 millj. kr. lán fyrir Sildarbræðsluna h/f, Seyðisfirði, þó þannig, að heildarábyrgðir ríkissjóðs verði ekki hærri en 80% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.
- XVI. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 10.8 millj. kr. lán, að meðtöldum þegar veittum ábyrgðum, fyrir Sild-

- arvinnsluna h/f, Neskaupstað, þannig að heildarábyrgð ríkissjóðs verði **26** þó ekki hærri en 80% af stofnkostnaðarverði. 30. apríl
- XVII. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán til síldar- og fiskimjölsverksmiðjunnar á Krossanesi við Eyjafjörð vegna kaupa á heilmjölsvinnslutækjum.
- XVIII. Að annast og ábyrgjast rekstur togarans Brimness fyrir Seyðisfjarðar-kaupstað til 1. sept. n. k. með það fyrir augum, að afla skipsins verði landað sem mest á Seyðisfirði, þó þannig, að rekstrarafkomu þess sé ekki stefnt í hættu með löndun aflans þar. Enn fremur að innleysa gegn veði í skipinu áhvílandi sjóveðs- og fjárnámskröfur.
- XIX. Að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti nánari skilyrði um ábyrgðir þessar.
- XX. Að ábyrgjast fyrir Bæjarútgerð Akraness allt að 2 millj. kr. af kaupverði togarans Akureyjar, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar. (Endurveiting.)
- XXI. Að ábyrgjast allt að 85% af andvirði þriggja 250 tonna fiskiskipa.
- XXII. Að ábyrgjast 200 þús. kr. lán fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f til smíði báta úr „Deborine“-efni.
- XXIII. Að ábyrgjast fyrir Axel Kristjánsson eða væntanlegt hlutafélag í Hafnarfirði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 4 320 000 kr. lán til kaupa á togara frá Vestur-Þýzkalandi, þó ekki yfir 80% af kaupverði skipsins.
- XXIV. Að ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða til smíða á nýjum flóabát fyrir Eyjafjörð og nálægar hafnir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó ekki yfir 80% af kostnaðarverði skipsins. (Endurveiting.)
- XXV. Að ábyrgjast með þeim skilyrðum, er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, lán til útvegsmanna, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna þurrafúa í fiskiskipum, og mega lánin samtals nema allt að 3.5 millj. kr.
- XXVI. Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.
- XXVII. Að ábyrgjast allt að 8 millj. kr. rekstrarlán til Sementsverksmiðju ríkisins.
- XXVIII. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó ekki yfir 80% af heildarkostnaði.
- XXIX. Að ábyrgjast fyrir stjórn stúdentagarðanna í Reykjavík allt að 200 þús. kr. lán til endurbóta á stúdentagörðunum.
- XXX. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins til að bæta gistiaðstöðu í landinu.
- XXXI. Að gefa eftir aðflutningsgjald af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota svo og aðflutningsgjald af sendiferðabifreið fyrir Blindrafélag Íslands og bifreið til starfsemi Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.
- XXXII. Að endurgreiða aðflutningsgjald af brennsluolium til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.
- XXXIII. Að endurgreiða toll af maniókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.
- XXXIV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.
- XXXV. Að ákveða, að ef rekstur flugmálanna verður hagkvæmari en gert er

26
30. apríl

- ráð fyrir á 13. gr. D., sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á árinu 1960.
- XXXVI. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum. (Endurveiting.)
- XXXVII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á tilteknar vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.
- XXXVIII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurum af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.
- XXXIX. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.
- XL. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 3 millj. kr. lán fyrir Vopnafjarðarhrepp til að reisa síldarverksmiðju á Vopnafirði.
- XLI. Að ábyrgjast allt að 2.5 millj. kr. lán, er tekið verður erlendis til kaupa á vindu til djúpborunar á gufubor ríkisins og Reykjavíkurbæjar.
- XLII. Að kaupa í samráði við jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar jarðbor, sem notaður verði til jarðhitarannsóknna á Norðurlandi.
- XLIII. Að semja um smíði eða kaup nýs vitaskips, og verði við þá samninga höfð hliðsjón af því, að skipið verði jafnframt nothæft til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa.
- XLIV. Að kaupa sanddæluskip, ef viðunandi samningar nást.
- XLV. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.
- XLVI. Að gefa hlutaðeigandi útvegsmönnum eftir þær skuldakröfur, er ríkissjóður eignast á þá fyrir innlausn á lánunum, sem hann er í ábyrgð fyrir vegna þurrafúa í fiskiskipum.
- XLVII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vísindatækjum, sem inn eru flutt í sambandi við rannsóknir alþjóðanefndar jarðeðlisfræðiársins. Sama gildir um nauðsynlegt rekstrarefni tækjanna.
- XLVIII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 28500000 kr. og Sementsverksmiðju ríkisins allt að 14100000 kr.
- XLIX. Að lána Bjargráðasjóði Íslands 1.5 millj. kr. til að aðstoða bændur við kjarnfóðurkaup vegna óþurrkanna s. l. sumar.
- L. Að ákveða, að 387000 kr., sem geymdar eru í ríkissjóði, til byggingar æfingaskóla fyrir kennaraskólann, megi nota til greiðslu byggingarkostnaðar við kennaraskólann.
- LI. Að endurkrefja ekki sérleyfissjóð um rekstrarhalla Ferðaskrifstofu ríkisins árin 1952—58, að upphæð 1770533 kr.
- LII. Að kaupa af Flugfélagi Íslands h/f flugvéla verkstæði við flugskýli nr. 5 á Reykjavíkurlugvelli, ef samningar takast.
- LIII. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða áfallinn rekstrarhalla Þjóðleikhússins.
- LIV. Að veita allt að 200 þús. kr. til greiðslu innlends kostnaðar af áætlunargerð um saltverksmiðju við jarðhita hér á landi.
- LV. Að verja af framlagi á 19. gr. til útflutningssjóðs fé til að koma í veg fyrir verðhækkun erlends áburðar vegna efnahagsráðstafananna á s. l. ári umfram þá verðhækkun, sem orðið hefur á innlendum áburði.
- LVI. Að taka til viðbótar þeim lánunum, sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 94/1956, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1957, lán, er nemi allt að 14.5 millj. kr., og end-

urlána eigendum skipa þeirra, er þar um ræðir, með þeim kjörum, sem 26
 ríkisstjórnin ákveður. 30. apríl

LVII. Að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkispítalanna.

LVIII. Að taka erlent lán að upphæð allt að 6 millj. dollara. Af þeirri fjárhæð skulu
 eftirtaldir upphæðir endurlánaðar svo sem hér segir:

Til raforkusjóðs 45 millj. kr.

Til ræktunarsjóðs 25 — —

Til hafnarframkvæmda 28 — —

og skal nefnd sú, er um getur í 20. gr. XXIV, skipta lánsfénu til einstakra
 hafna.

23. gr.

Á árinu 1959 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri
 fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1958 og hafa í för með
 sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin sam-
 kvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, til-
 skipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir
 fjárhagstímabilið.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

L Ö G

27

6. maí

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

1. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem
 greiddar eru í eitt skipti fyrir öll, samkvæmt a-, c- og d-lið 38. greinar, greiða
 þessar grunnupphæðir:

1. Til ekkju eða ekkils, samkv. fyrri málslið a-liðs kr. 37.000.00

2. Til uppkomins barns eða systkinis, samkv. c-lið,

enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna

vegna skorts á starfsgetu — 7.000.00 til 21.000.00

3. Til foreldris, samkv. d-lið — 7.000.00 — 21.000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 12.800.00 krónum samtals fyrir
 hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótar-
 bóta samkv. 1.—3. tl. þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 12.800.00,

27 sem skiptast milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b-lið 38. gr., ef fyrir 6. maí hendi eru, ella til dánarbús hans.

2. gr.

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Viðbótardánarbætur samkvæmt 39. grein skal greiða fyrir dauðaslys lögskráðra sjómanna, sem orðið hafa eftir 31. des. 1958. Jafnframt skal ráðherra setja nýjar reglur um áhættuiðgjöld sjómanna samkvæmt 43. gr. laganna og gilda þær frá og með 1. janúar 1959.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

28

30. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1959, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

b-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn á 1. verðlagssvæði, skv. 10. gr., greiða þó 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun. Sama gildir í kaupstöðum og kauptúnum á 2. verðlagssvæði, þar sem læknir starfar auk héraðslæknis, ef sjúkrasamlagsstjórn ákveður, að fengnu samþykki tryggingaráðs. Breytist kauplagsvísitala um 10% eða meira, skal samræma greiðslurnar þeirri breytingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

L Ö G

29

30. apríl

um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum að ákveða, að innheimta skuli með álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við gildandi fasteignamat og renna eiga í sveitar-sjóði. Þó má aldrei innheimta hærri gjöld af einstakri fasteign eftir þessum lögum en þau gátu orðið hæst fyrir 1. maí 1957. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til vatnsskatts.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

L Ö G

30

9. maí

um breyting á lögum nr. 105 21. desember 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og lántöku í því skyni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Til þess að standa strauum af framlögum ríkisins til gjaldeyrissjóðsins og alþjóðabankans heimilast ríkisstjórninni að taka innanríkislán, er jafngildi allt að 3.5 milljónum dollara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

31
9. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

- A. 1. Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. 2. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spólkorn frá hraunjaðrinum. 3. Þaðan bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark frá Vífilsstöðum. 4. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakrika. 5. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi. 6. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvartjarnarinnar. 7. Eftir stíflugarðinum, yfir tjörnina. 8. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni. 9. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarbraut. 10. Þá lína í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar. 11. Þaðan í Lækjarbotna. 12. Þá í Gráhellu. 13. Þaðan í miðjan KetsHELLI. 14. Eftir Selvogsmanna-
eða Grindaskarðavegi í Kaplatór (Strandartorfur). 15. Þaðan bein lína í Markkraka. 16. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi. 17. Meðfram Krýsuvíkurvegi, þar til kemur að norðurbrún Kapelluhrauns. 18. Með norðurbrún Kapelluhrauns að Keflavíkurvegi. 19. Meðfram Keflavíkurvegi suður fyrir Kapelluhraun til sjávar.

- B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

FORSETA BRÉF

32

um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 28. júní 1959.

11. maí

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:*

Þar eð Alþingi, 78. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp til stjórnskipunar-
laga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944, ber samkvæmt
79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi og stofna til almennra kosninga.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið frá og með 28. júní 1959. Jafnframt
ákveð ég, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram þann dag, sunnu-
daginn 28. júní 1959.

Alþingi er nú situr, mun verða slitið, er það hefur lokið störfum.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

FORSETA BRÉF

33

um þinglausnir.

14. maí

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:*

Alþingi, 78. löggjafarþing, mun ljúka störfum í dag, fimmtudaginn 14. maí 1959.
Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

34

um heimild handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands
að Gjaldeyrissamningi Evrópu.

9. maí

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram 1 milljón Bandaríkjadollara sem
stofnframlag í Evrópusjóðinn og að taka að láni innanlands samsvarandi fjárhæð
vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu.

A 17

34

9. maí

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán samkvæmt Gjaldeyrissamningi Evrópu, er nemi allt að 2 milljónum dollara.

Auk þess heimilast ríkisstjórninni að taka að láni samkvæmt gjaldeyris-samningnum jafnháa fjárhæð því, sem endurgreitt er á hverjum tíma af skuldum Íslands í sambandi við Greiðslubandalag Evrópu, allt að 6 milljónum dollara. Jafnóðum og lántökuheimildir eru notaðar, skal andvirðið í krónum greitt inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands, seðlabankann, og því varið til endurgreiðslu lánanna, og má ekki verja því til annars.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um endurgreiðslu á skuldum Íslands, sem urðu til í sambandi við Greiðslubandalag Evrópu og stofnað var til samkvæmt heimild í lögum nr. 35 13. apríl 1954, þannig að endurgreiðsla verði innt af höndum á allt að 7 árum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

35

23. maí

L Ö G

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka skuldabréfalán til virkjunar Efra-Sogs, allt að kr. 30000000.00 — þrjátíu milljónum króna — enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ákveða má, að skilmálar bréfanna séu þannig, að upphæð endurgreiðslu og vaxta eða annars hvors breytist í hlutfalli við breytingu rafmagnsverðs til neytenda í Reykjavík frá útgáfudegi bréfanna til gjalddaga. Þessa verðtryggingu má miða hvort sem er við einstaka rafmagnstaxta eða vísitölu nokkurra rafmagnstaxta.

Ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur bera sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkv. lögum þessum, en innbyrðis er ábyrgð hvors aðila takmörkuð við eignarhluta hans í Sogsvirkjuninni á hverjum tíma, sbr. sameignarsamning, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

36
23. maí

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Staflíður e) í 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933 orðist svo:

Einkaleyfið til að reka happdrætti má veita til 1. janúar 1974. Ágóðanum skali varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingarinnar, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstöðvar við hinar ýmsu deildir háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

L Ö G

37
23. maí

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal veita úr ríkissjóði til sýsluvega upphæð, sem eigi sé lægri en sem nemi 6% af samanlögðu fasteignamatsverði landa og lóða og 3% af samanlögðu fasteignamatsverði húsa í öllum sýslum, þar sem sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.

Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei vera hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. málsg. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en hún leggur til sýsluvegasjóðs, miðað við 6% fasteignamatsverðs lands og lóða og 3% fasteignamatsverðs húsa. Að öðru leyti skal við skiptinguna aðallega miðað við notkun og lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær og með hve háum hundradshluta sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.

37

23. maí

2. gr.

Í stað 1. málsl. 11. gr. laganna komi tveir málsliðir, þannig:

Nú er samþykkt gerð af sýslunefnd, og skal hún þá send samgöngumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna eða hafa í för með sér óeðlilega lengingu sýsluvegakerfisins miðað við þá venju, sem myndast hefur í hverri sýslu, er samþykktin endursend án staðfestingar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

38

23. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana, sem um ræðir í III. kafla, einkum 20. gr., sbr. og 8. gr., eru skoðunargerðir á skipum tvenns konar: aðalskoðun og sérstök aukaskoðun.

2. gr.

c-liður 24. gr. orðist þannig:

Á öllum öðrum skipum ár hvert.
d-liður sömu greinar falli niður.

3. gr.

27. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

4. gr.

28. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

5. gr.

31. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

6. gr.

53. gr. falli niður og í stað hennar komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir skoðanir á skipum, eimkötlum, mælingu á skipum, útgáfu skirteina, endurskoðun smíðauppráttu og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

7. gr.

38

23. maí

54. gr. falli niður og í stað hennar komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir eftirlit flokkunarfélags eða annars trúnaðarmanns skipaskoðunar ríkisins greiðir eigandi þeim, sem hlut eiga að máli.

8. gr.

55., 56., 57., 58., 59. og 60. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

9. gr.

2. mgr. 61. gr. orðist þannig:

Gjöldin skulu innheimt af skipaskoðun ríkisins eða lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) á sama hátt og önnur opinber gjöld til ríkisins.

Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjald, í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

10. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal fella meginmál þeirra svo og lög nr. 21 1. marz 1956 og 1. gr. laga nr. 38 8. maí 1957 inn í lög nr. 68 5. júní 1947 og gefa þau út svo breytt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

39

23. maí

um ítölu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afréttarlönd fyrir heilar sýslur, einstaka hreppa eða hreppshluta, ef kröfur berast um það eða þær telja þess þörf, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara og þess gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

2. gr.

Nú berst sveitarstjórn krafa frá a. m. k. $\frac{1}{4}$ búenda innan sveitarfélags eða afmarkaðs sveitarhluta um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða sveitarhlutanum eða á afréttarlöndum innan hreppsins, og skal þá boða til fundar ábúendur hreppsins eða hreppshlutans um málið. En búendur teljast allir þeir, er jörð hafa eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess getið í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmatur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra búenda hreppsins eða hreppshlutans sækir fundinn.

39 Enginn einn maður hefur þó fleiri en eitt atkvæði, þótt hann nýtti eða búi á 23. maí tveimur eða fleiri jörðum. Þess skal getið í fundargerð, hve margir búendur séu í sveitarfélaginu eða viðkomandi hreppshluta og hve margir hafi mætt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt hreppsins, skal málið sent viðkomandi sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að þrem árum liðnum.

3 gr.

Ef verulegar samgöngur búpenings í heimalöndum tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa eiga sér stað eða um er að ræða sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa, getur fundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 2. gr., gert kröfu um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar eða sveita eða bæjarfélags. Slík krafa skal send viðkomandi sveitarstjórn, og er henni skylt að boða til fundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer um lög-mæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 2. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem því verður við komið, senda til oddvita sýslunefndar og hreppsnefndar í þeim hreppi, sem átti upptök að kröfunni um ítölu.

Nú fellir sá hreppur eða hreppshluti, að ítala sé gerð, og getur þá sá, er kröf-una gerði, skotið málinu til Búnaðarfélags Íslands, sem fer þá með málið eftir því, sem segir í 10. gr. þessara laga.

4. gr.

Þegar oddvita sýslunefndar hefur borizt fundarályktun um, að ítala skuli gerð, og málið hefur hlotið afgreiðslu á fundum í þeim sveitarfélögum, þar sem það hefur verið tekið til meðferðar samkvæmt fyrirmælum 3. gr., skal hann boða sýslunefnd til fundar, svo fljótt sem ástæður leyfa, til þess að taka ákvörðun um málið. Í samþykkt sýslunefndar skal tekið fram, í hvaða lönd ítala skuli gerð, hvenær ítölunefnd skuli hafa lokið störfum og hvenær samþykktin skuli koma til framkvæmda.

5. gr.

Þegar sýslunefnd hefur gert samþykkt um ítölu, skal hún hlutast til um, að ítölunefnd verði skipuð. Ítala skal metin af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja. En séu löndin, sem ítölu skal gera í, eign tveggja eða fleiri hreppa eða bæjarfélags, skal stjórn viðkomandi búnaðarsambands tilnefna þriðja nefndarmanninn. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

6. gr.

Svo fljótt sem unnt er, eftir að skipun ítölunefndar hefur farið fram, skal formaður kalla nefndina saman til áreiðar á lönd þau, sem um er að ræða. Jafnframt skal hann tilkynna þeim aðilum, er þar hafa hagsmuna að gæta, nær áreiðin fari fram, svo að þeim gefist kostur á að mæta eða láta umboðsmenn mæta við áreiðina. Áreið er því aðeins lögmet, að ítölunefnd fullskipuð taki þátt í gerðinni.

Að áreið lokinni skal nefndin, svo fljótt sem því verður við komið, kveða upp úrskurð sinn. Skal hún svo meta ítölu, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, svo að fénaður megi vel þrífast og eigi sé hætta á, að land spillist sakir ofbeitar. Skal ákveðið, hve margt búfé megi hafa í högum hveðrar jarðar, þegar um ítölu í heimalönd er að ræða, og hve mikinn búpening hvert sveitarfélag megi setja á afréttarland, þegar um það er að ræða. Búfé skal lagt í einingar, þannig að 9 kindur,

veturgamlar og eldri, jafngildi einu hrossi eða geldneyti á sama aldri eða tveimur 39
mjólkurkúm. Hverjum aðila er í sjálfsvald sett, hvort hann fyllir ítölu sína með 23. maí
einni búfjártegund eða fleirum til samans, þó er ítölunefnd heimilt að ákveða hlut-
fallstölu einstakra búfjártegunda, ef landið er mjög einhæft.

Ítala í heimalönd skal miðast við stærð og nothæfi beitilands, þar með talið
ræktað land, sem notað er til beitarréttar að meira eða minna leyti.

Jörð, sem afgirt er fjárheldum girðingum, skal undanþegin ítölu í heimaland.
Nú er hluti jarðarinnar utan girðingar, og skal þá sá jarðarhluti háður ítölu.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn að
vera mættir eða varamenn þeirra og greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt
jarðnæðis, er grasnyt fylgir, hefur það sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétt
í hlutfalli við beitiland sitt, eftir sömu reglum og um getur í 6. og 8. gr. Um rétt
einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um venjulegt
sveitarfélag sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá
við ítölumat úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, það sem henni ber
í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráða-
mann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

8. gr.

Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi sveitar-
stjórn eða sveitarstjórnnum úrskurð sinn, en sveitarstjórn tilkynnir hreppsþúum og
hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett í heimalönd eða afrétt en ítölu-
nefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar,
og ákveður þá sveitarstjórn, hve mikinn búpening megi reka í afrétt frá hverju
einstöku býli. Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við
hlutfall þess beitarpennings, sem leyfilegt er að hafa í heimalöndum, hafi slíkt mat
farið fram, ella skal miðað við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum.
Nota skal elzta fasteignamat, sem við verður komið, en jafnframt tekið tillit til
þeirra breytinga, sem kunnugt er að orðið hafi á beitarpoli lands, eftir að fast-
eignamatið var gert. Vilji einhver ekki una úrskurði sveitarstjórnar, má skjóta
málinu til ítölunefndar, og ræður afl atkvæða úrslitum.

Nú fyllir sveitarfélag ekki sína ítölu í afréttarland, og er því þá skylt að leyfa
öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítölu,
enda komi gjald fyrir, sem ákveðið skal af ítölunefnd. Nú hefur ábúandi færri
fénað í heimahögum en svarar ítölu hans, og má hann þá taka af öðrum fjáreig-
endum innan sama hrepps, en eigi öðrum nema með samþykki viðkomandi sveit-
arstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi
hreppsþúar ekki þörf nytja landsins, en sveitarstjórn synjar jarðeiganda að taka
fénað utanhrepps, getur landeigandi krafizt beitarréttum eftir mati ítölunefndar.

9. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi
lögsagnarumdæma, þannig að sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd innan sýsl-
unnar, telur nauðsynlegt, að jafnframt sé gerð ítala í lönd nágrannahéraðs eða
bæjarfélags, og getur hún þá gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að málið
verði tekið upp á þann hátt, er segir í 10. gr. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er þá
skylt að taka málið til athugunar, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að ítölu sé
þörf, skal ítölumat fara fram. Til þess að meta ítölu í landssvæði, sem er innan

39 tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, til-
23. maí nefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn, og skulu þeir starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.

10. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa eftirlit og fylgjast vel með notkun afrétta og heimalanda. Komi í ljós rýrð í afréttarfénaði og séu líkur taldar fyrir því, að hún geti stafað af ofbeit á afréttum og öðrum sumarhögum, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands láta rannsaka, hvort um ofbeit sé að ræða, enda hafi viðkomandi sýslunefnd ekki tekið málið fyrir.

Rannsókn þessi skal framkvæmd af þriggja manna nefnd. Í nefndinni eiga sæti: sandgræðslustjóri, eða maður tilnefndur af honum, einn maður tilnefndur af viðkomandi búnaðarsambandi og einn maður tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og er hann formaður nefndarinnar.

Þyki nefndinni auðsætt, að um ofbeit sé að ræða, sem ekki er framkvæmanlegt að bæta úr með ræktun landsins, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands hlutast til um við viðkomandi sýslunefnd, að hún láti gera ítölu í landið.

Hafi viðkomandi aðilar vanrækt að taka málið fyrir eða liggi land það, sem um er að ræða, innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveðið, að ítala verði gerð. Skipar hún þá þrjá menn í ítölunefnd, svo sem ákveðið er í 9. gr.

11. gr.

Ef ítala einhverrar jarðar verður svo lág, að Búnaðarfélag Íslands telji jörðina eigi geta borið lífvænlegt bú, þá getur eigandi krafizt þess, ef samningar nást eigi, að ríkið kaupi jörðina fyrir matsverð samkvæmt eignarnámslögnum.

12. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist samkvæmt reikningi af sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa eða bæjarfélags, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu fjallskilaskylds penings í hreppnum eða bæjarfélaginu síðastliðin fimm ár. Sá aðili, er átti upp-tök kröfunnar um ítölu, greiði kostnaðinn til formanns ítölunefndar, en kröfu-rétt á hann á endurgreiðslu frá öðrum á þeim hluta, er þeim ber að greiða. Verði ágreiningur um upphæð reiknings ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveit-
arfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

13. gr.

Vilji einhver, sem hlut á að máli, ekki una úrskurði ítölunefndar, getur hann krafizt þess innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar, að yfiritölu-mat skuli fara fram. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn til yfiritölumats, og sé einn þeirra formaður. Fer um framkvæmd yfirmats eftir fyrirmælum laga þessara.

Kostnaður við yfirmat greiðist samkvæmt því, sem ákveðið er í 12. gr., ef matið breytist um 10 af hundraði eða meira. Að öðrum kosti greiðist hann af þeim, er krafðist yfirmats.

14. gr.

Ef beitarþol lands breytist eða fimm ár eru liðin frá því að samþykktir um ítölu öðluðust gildi, er skylt að taka ítölumatið til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. $\frac{1}{4}$ ábúenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara.

15. gr.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en 1963.

39

23. maí

16. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykktá, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 500—50000, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 85 frá 16. des. 1943, um ítölu, lög nr. 43 frá 23. febr. 1945, um breyt. á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í hága við lög þessi, sbr. þó niðurlag 1. gr. þessara laga.

Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkv. lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt, um ítölu í lönd einstakra manna eða viðkomandi sveitarfélaga.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

40

23. maí

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „tvö ár“ í 2. mgr. e-liðar 7. gr. laganna komi: þrjú ár.

2. gr.

Upphaf 10. gr. laganna orðist svo (og breytist stafliðir greinarinnar í samræmi við það):

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

- a. Atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar og ekki eru orlofskyldar. Atvinnurekendum skal skylt að láta skattfyrvöldunum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra, og þá hvað mikill, eigi að falla undir þetta ákvæði.

40
23. maí

Ráðherra ákvæður í reglugerð, hver störf falli undir þetta ákvæði, og skal þá við það miðað, að það verði einungis bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa.

Ákvæði þessi skulu koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1960.

h-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Fæðiskostnað sjómanna á íslenskum fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði. Við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattyfirvalda á fæði til tekna.

Einnig skal draga frá tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, kr. 500.00 á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn. Þá skal og sömu aðilum veittur sérstakur frádráttur, kr. 1500.00 fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á þess konar skipum í a. m. k. 3 mánuði á viðkomandi skattári.

Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 2. málsgr. þessa staflíðar, þótt þeir séu eigi lögskráðir, enda geri útgerðarmaður skattanefnd fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

3. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1959 af tekjum ársins 1958 skal veita sérstaka lækkun á tekjuskatti öllum hjónum, sem hafa 2 börn á framfæri og undir 55500 kr. í hreinar tekjur. Hjá þessum hjónum, er hafa 54500 kr. hreinar tekjur eða lægri, skal lækkunin nema 50%. Nemi tekjurnar yfir 54500 kr., skal lækkunin vera 47½% á tekjuskatti af 54550 kr. hreinum tekjum og minnka þannig áfram um 2½% við hverjar 50 kr., sem tekjur fara yfir 54550 kr., og hverfa við 55500 kr. hreinar tekjur.

Eftir sömu reglu skal lækka tekjuskatt allra annarra hjóna svo og einstaklinga, sem greiða ættu sama tekjuskatt eða lægri en áðurgreind hjón, ef þau nytu ekki áðurgreindrar skattlækkunar.

Framangreind skattlækkun skal einnig gilda við ákvörðun gjaldárgjalda á árinu 1959.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu fyrst koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1958. Jafnframt eru úr gildi fallnir b-liður 1. gr. og a-liður 4. gr. laga nr. 36/1958.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

L Ö G

41
23. maí

um byggingarsjóð Listasafns Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð Listasafns Íslands. Stofnfé sjóðsins er það fé, sem Alþingi hefur lagt fram til að byggja vinnusal og íbúð fyrir Jóhannes Sveinsson Kjarval, listmálara.

2. gr.

Þangað til bygging húss fyrir Listasafn Íslands hefst, skal sjóðurinn varðveittur og ávaxtaður í Landsbanka Íslands.

Menntamálaráðuneytið birtir árlega í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði endurskoðaðan ársreikning sjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

42
23. maí

um breyting á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, á tiltekna fisktegundir, á fisk veiddan á vissum tímum árs og á fisk, sem fer í tiltekna vinnslu. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að sérstakar bætur skuli greiddar bátum, togurum og vinnslustöðvum á hvert kg fisks, sem framleitt er frá 1. til 31. janúar 1959. Bætur þessar skulu svara til þeirrar hækkunar á rekstrarkostnaði báta, togara og vinnslustöðva, sem af því leiðir, að kaupgjald og skiptaverð á fiski til bátasjómannanna er í janúarmánuði 1959 miðað við kaupgreiðsluvisitölu 202, en ekki kaupgreiðsluvisitölu 175, sem er sú kaupgreiðsluvisitölu, sem skiptaverð á fiski til bátasjómannanna og aflaverðlaun togarasjómannanna skal miðast við frá 1. febr. 1959, sbr. 9. gr. laga nr. 1 30. jan. 1959.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að útflutningssjóður greiði niður verð á heitu.

8. gr. laganna orðist svo:

Á hverju 12 mánaða tímabili frá 1. september 1958 skal greiða bætur á fob-verð útfluttra landbúnaðarafurða, er séu hlutfallslega jafnháar þeim útflutningsbótum, sem greiddar eru í heild á afurðir bátaflorens af þorskveiðum á næsta almanaksári samkvæmt þessum lögum. Skal reiknuð hundraðstala bóta á bátafiskafurðir hvers almanaksárs frá ársbyrjun 1959 gilda við ákvörðun bóta á ull og mjólkurafurðir útfluttar á hverju 12 mánaða tímabili frá 1. september 1958, en hvað snertir aðrar útfluttar landbúnaðarafurðir skal nefnd árleg hundraðstala gilda við ákvörðun útflutningsbóta á landbúnaðarvöruframleiðslu hvers 12 mánaða tímabils frá 1. september 1958.

Hagstofan reiknar bætur þær, er greiddar skulu á útfluttar landbúnaðarafurðir samkvæmt ákvæðum 1. málsg. þessarar greinar.

Bætur á útfluttar landbúnaðarafurðir samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar skulu greiddar framleiðsluráði landbúnaðarins, og ráðstafar það bótafénu til verðbóta á þær landbúnaðarafurðir, sem eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara og seldar eru á lægra verði erlendis en nemur söluverði þeirra innanlands.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að útflutningssjóður greiði váttryggingar-iðgjöld fiskibáta (sjóváttryggingu og bráðafúatryggingu). Skal greiða fullt ársiðgjald, ef úthaldstími bátsins á árinu er 9 mánuðir eða lengri. Sé úthaldstíminn skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega. Greiðslur váttryggingariðgjalda skulu aldrei nema hærri upphæð en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno“ hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd 1.—10. gr. laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir gjaldkræfum greiðslum úr útflutningssjóði, valdsvið sjóðstjórnar og endurskoðun reikninga sjóðsins. Í samráði við Seðlabankann, gjaldeyrisbankana og stjórn útflutningssjóðs getur ríkisstjórnin ákveðið, að greiðsla útflutningsbóta, er nemi 55% á fob-verðmæti útfluttra vara, fari fram í bönkum, þegar gjaldeyri fyrir vörunum er skilað, en útflutningssjóður greiði eftirstöðvar bótanna. Þá er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að bótum samkvæmt 3. gr. skuli skipt á milli útvegsmanna og vinnslustöðva, og einnig getur hún falið samtökum útvegsmanna og útflytjenda að annast ákveðna þætti í sambandi við framkvæmd laganna.

4. gr.

1. málsg. 44. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum. Má gjald þetta nema allt að 250% af fob-verði hversrar bifreiðar eða bifhjóls, þegar innflutningsskrifstofan úthlutar gjaldeyri til kaupanna, þó má gjaldið ekki vera nema allt að 160%, þegar úthlutað er gjaldeyri til kaupa á bifreiðum fyrir atvinnubifreiðarstjóra og lækna. Gjaldið má nema allt að 300% af fob-verðinu, þegar bifreiðin eða bifhjólið er flutt inn án þess, að gjaldeyri sé úthlutað. Innflutningsskrifstofan innheimtir gjaldið.

Innflutningsskrifstofan skal á árinu 1959 veita 100 innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til atvinnubifreiðarstjóra, enn fremur allt að 100 innflutningsleyfum fyrir bifreiðum til þeirra, er með vinnusamningum hafa gjaldeyristekjur, og allt að 100 innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til báta- og togarasjómannanna, gegn 250% gjaldi samkvæmt 1. málsg.

5. gr.

42

Hinar árlegu greiðslur útflutningssjóðs til ríkissjóðs, er um ræðir í 48. gr. laganna, skulu falla niður frá 1. janúar 1959.

6. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé til niðurgreiðslu vöruverðs. Frá 1. janúar 1958 skal útflutningssjóður standa straum af slíkri niðurgreiðslu, en ríkissjóður endurgreiði útflutningssjóði slíkar niðurgreiðslur eftir því, sem fé er til þess veitt á fjárlögum hverju sinni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

43

23. maí

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki, hafn-sögubátar og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum.

2. gr.

Fyrir orðin „800 þúsund krónur“ í síðustu málsgr. 2. gr. laganna komi: 1.6 millj. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

44
23. maí

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1956.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1956, eru veittar kr. 113 212 982.48 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstmál	kr. 4 159 686.18
en tekjur fóru kr. 2 641 936.18 fram úr fjárlagaáætlun	
2. Síminn	— 13 146 302.17
en tekjur fóru kr. 4 856 007.78 fram úr fjárlagaáætlun	
3. Áfengisverzlun ríkisins	— 2 114 904.66
en brúttótekjur urðu kr. 5 783 008.38 umfram fjárlagaáætlun	
4. Tóbakseinkasala ríkisins	— 977 253.42
en brúttótekjur urðu kr. 12 302 216.71 umfram fjárlagaáætlun	
5. Ríkisútvarpið	— 2 479 524.19
en tekjur fóru kr. 2 293 954.57 umfram fjárlagaáætlun	
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	— 484 002.91
af kr. 1 077 688.55 tekjum umfram fjárlagaáætlun	
7. Grænmetisverzlun ríkisins	— 86 841.45
8. Landssmiðjan	— 1 368 611.15
en tekjur fóru kr. 982 394.13 umfram fjárlagaáætlun	
9. Tunnuverksmiðjur ríkisins	— 66 443.22
en tekjur fóru umfram fjárlagaáætlun um sömu upphæð	
10. Innkaupastofnun ríkisins	— 283 184.80
af kr. 886 534.24 tekjum umfram fjárlagaáætlun	
11. Bessastaðabú	— 226 478.19
en tekjur fóru kr. 124 763.64 umfram fjárlagaáætlun	
12. Kópavogsbú	— 14 276.77
af kr. 26 505.41 tekjum umfram fjárlagaáætlun	
13. Kleppsbú	— 112 693.23
af kr. 161 356.43 tekjum umfram fjárlagaáætlun	
14. Skólabúið á Hólum	— 325 375.41
en tekjur fóru kr. 292 129.51 umfram fjárlagaáætlun	
15. Skólabúið á Hvanneyri	— 211 767.90
en tekjur fóru kr. 111 920.32 umfram fjárlagaáætlun	

Kr. 26 057 345.65

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr.	eru veittar	kr. 817 828.62
— — — — 8. —	— —	— 551.447.27
— — — — 10. —	— —	— 5 117 300.44
— — — — 11. — A.	— —	— 7 279 964.95
— — — — 11. — B.	— —	— 535 885.43

Til viðbótar	við	gjöldin	í	11. gr. C.	eru	veittar	kr.	3 380 429.21	44
—	—	—	—	11. — D.	—	—	—	240 708.79	23. maí
—	—	—	—	12. —	—	—	—	2 810 811.48	
—	—	—	—	13. — A.	—	—	—	13 829 208.95	
—	—	—	—	13. — B.	—	—	—	3 496 720.96	
—	—	—	—	13. — C.	—	—	—	1 515 903.35	
—	—	—	—	13. — D.	—	—	—	2 896 939.07	
—	—	—	—	14. — A.	—	—	—	649 078.11	
—	—	—	—	14. — B.	—	—	—	18 503 025.02	
—	—	—	—	15. — A.	—	—	—	600 543.00	
—	—	—	—	15. — B.	—	—	—	1 527 162.90	
—	—	—	—	16. — A.	—	—	—	639 007.84	
—	—	—	—	16. — B.	—	—	—	926 365.25	
—	—	—	—	16. — D.	—	—	—	214 654.09	
—	—	—	—	17. —	—	—	—	720 210.93	
—	—	—	—	18. —	—	—	—	3 406 806.29	
—	—	—	—	19. — 1.	—	—	—	9 611 862.06	
—	—	—	—	19. — 6.	—	—	—	8 303 852.07	

Kr. 113 633 061.73

Frá dragast fjárveitingar vegna vísitöluhækkana samkvæmt 19. gr.

2. fjárlaga kr. 4 000 000.00, vegna afnáms vísitöluskerðingar

samkvæmt 19. gr. 3. fjárlaga kr. 1 500 000.00 og vegna nýrra

launalaga samkvæmt 19. gr. 4. fjárlaga kr. 23 500 00.00

kr. 29 000 000.00

Kr. 84 633 061.73

Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar

— 28 579 920.75

Inn fóru kr. 9 027 117.13 fram úr fjárlagaáætlun

Samtals kr. 113 212 982.48

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

45
26. maí

L Ö G

um afnotarétt húsnæðis fyrir félagsstarfsemi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Styrktarsjóðum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Aldan, Mótórvélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskreytamanna, Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægir, Reykjavík, Félags bryta, Kvenfélagsins Keðjan og Kvenfélagsins Hrönn er heimilt að taka húseignina Bárugötu 11 í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi sína.

Einnig er Trésmiðafélagi Reykjavíkur heimilt að taka þakhæð hússins nr. 8 við Laufásveg í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi sína.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

46
29. apríl

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og sambandsríkisins Malaya
um afnám vegabréfsáritana.

Með erindum, dags. 15. og 16. apríl 1959, hafa sendiráð Íslands og sendiráð sambandsríkisins Malaya í London gert samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara annars landsins, sem ferðast vilja til hins, enda séu ekki um launaða atvinnu eða lengri dvöl en þriggja mánaða að ræða.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. apríl 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

47

26. maí

um að samningur við Þýzkaland um mælibréf skipa frá 1895 sé úr gildi fallinn.

Með erindaskiptum, dags. 15. júní, 3. og 25. október 1895 gerðu Danmörk og Þýzkaland með sér samning um gagnkvæma viðurkenningu á skipamælingum. Samningur þessi náði einnig til Íslands.

Hinn 10. júní 1947 var undirritaður í Osló alþjóðasamningur um samræmda aðferð við skipamælingar og var hann fullgiltur af Íslands hálfu 23. september 1948. (Stj.tíð. A. 80/1948). Sambandslýðveldið Þýzkaland gerðist aðili þessa samnings 7. júní 1958. Þar sem alþjóðasamningurinn gerir milliríkjasamninginn óþarfan hefur orðið samkomulag milli ríkjanna um að fella hann úr gildi frá 7. júní 1958.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 26. maí 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

48

27. maí

um viðskiptasamkomulag Íslands og Danmerkur.

Hinn 24. apríl 1959 var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Danmerkur á tímabilinu 15. marz 1959 til 14. marz 1960.

Samkomulagið er í aðalatriðum sama efnis og fyrra samkomulag. (Stj.tíð. A. 30/1958).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 27. maí 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

FORSETA BRÉF

49

9. júlí

er stefnir Alþingi saman til aukafundar þriðjudaginn 21. júlí 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkæmt stjórnarskrá hins íslenska lýðveldis 17. júní 1944, að Alþingi skuli koma saman til aukafundar þriðjudaginn 21. júlí 1959.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 9. júlí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

A 19

L Ö G

um eftirlit með skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 10. gr. laga nr. 38 23. maí 1959, um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga svo og lög nr. 21 1. marz 1956 og 1. gr. laga nr. 38 8. maí 1957 inn í lög nr. 68 5. júní 1947 og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

1. gr.

Orðaskýringar:

1. *Skip* er sérhvert fljótandi far, nema annars sé getið.
2. *Íslenzkt skip* er hvert það skip, sem skrásett er hér á landi og rétt hefur til þess að sigla undir íslenzkum fána.
3. *Farþegaskip* er hvert það skip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
4. *Farþegar* eru allir, sem á skipi eru, aðrir en skipshöfn. Þeir teljast þó eigi farþegar, sem komnir eru í skip vegna óviðráðanlegra atvika, eða samkvæmt skyldu skipstjóra til þess að flytja nauðstadda menn.
5. *Þilfarsfarþegi* er farþegi, sem greiðir fargjald í lægsta fargjaldsflokki.
6. *Flokkað skip* er hvert það skip, sem hefur gilt flokkunarskírteini frá flokkunarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra.
7. Þar, sem talað er um *rúmlest*, er átt við brúttó rúmlest (100 ensk teningsfet = 2,83 m²), nema annars sé getið.
8. *Önnur fljótandi för* eru ferjur á sjó, vötnum og ám og hvert annað far, sem notað er til að flytja menn, dýr eða muni.
9. *Vélskip* er hvert það skip, sem knúið er aflvél í því sjálfu.
10. *Eimskip* er hvert það skip, sem knúið er gufuafli.
11. *Mótorskip* er hvert það skip, sem knúið er með olíuhreyfli.
12. *Skipverji* er hver sá maður, sem skráður er á skip eða á því er og skyldi skráður.
13. *Eldfim efni* (sbr. 42. gr.) eru: eter (naptha) og aðrir vökvar, sem blandaðir eru eter, brennsteinskolefni, steinolíu-eter, gasolía, benzín og aðrir slíkir vökvar, er logamark þeirra er undir 22° á Celsius með 760 mm loftvogarstöðu.
14. Ákvæði laganna um *stálskip* eiga einnig við um *járnskip*.
15. Þar, sem rætt er um ráðherra í lögum þessum, er átt við ráðherra þann, sem fer með siglingamál.

2. gr.

Þar, sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara til allra íslenzkra skipa og báta, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða.

Ákvæði laganna taka og til erlendra skipa og báta, sem íslenzkir ríkisborgarar hafa á leigu, ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan, með íslenzkri skipshöfn.

Sé um að ræða erlent skip flokkað í flokkunarfélagi viðurkenndu af ráðherra, ná lögin þó aðeins til öryggisbúnaðar þess.

Ákvæði laganna taka enn fremur til allra báta án tillits til stærðar, flytji þeir farþega, hvort sem er á sjó eða vötnum.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að eftirlit skuli haft með öryggi annarra fljótandi fara og hvernig því eftirliti skuli haga.

3. gr.

50

Lög þessi raska ekki ákvæðum alþjóðasamninga eða samningum við önnur ríki, er íslenska ríkið hefur gerzt aðili að á löglegan hátt. 31. júlí

II. KAFLI

Um haffæri skipa, skyldur útgerðarmanna og skipstjóra o. fl.

4. gr.

Skip skal telja óhaffært:

- a. ef gilt haffærissskírteini, hleðslumerkjaskírteini og, sé um farþegaskip að ræða, öryggisskírteini er ekki sýnt, þegar þess er krafizt af skipaeftirlitinu eða trúnaðarmanni þess, sbr. 18. og 19. gr.;
- b. ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa;
- c. ef hol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo ofhlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélanaúðsynjum, sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

5. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni svo og skipstjóra er skylt að sjá um, að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru, hvort heldur það er statt í höfn eða á hafi úti.

6. gr.

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljóttast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefur, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Verði því komið við án verulegrar tafar, skal skoðun framkvæmd af skoðunarmönnum skipaeftirlitsins, en annars skal hún gerð af sérfróðum mönnum, er kvaddir skulu af sjódomi á þeim stað.

Ef svo ber við, að ekki verður náð til sérfróðra manna, þar sem skipið er statt, skal skipstjóri, yfirvæltjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af þeim öllum, er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því, sem bókað var, skal þá þegar sent eftirlitsmanni í því umdæmi eða til þess eftirlitsmanns, er fyrst næst til, og ákveður hann, hvort ný skoðun skuli fara fram.

III. KAFLI

Skipaeftirlitið.

7. gr.

Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirumsjón ráðherra.

8. gr.

Forseti skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála.

Hann skal hafa starfið sem aðalstarf, vera skipaverkfræðingur eða vélfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa eða siglingafræðingur og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi. Eigi má hann hafa þau

50 störf á hendi, er telja má ósamrýmanleg stöðu hans, svo sem eftirlit með skipum 31. júlí eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir.

Skipaskoðunarstjóri hefur skrifstofu í Reykjavík.

Um verksvið hans og starfshætti skal ákveðið í reglugerð, er ráðherra setur, að því leyti, sem ákvæði þessara laga ná ekki til. Við samningu reglugerðarinnar skal leita álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.

9. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða fulltrúa, er starfi við skipaeftirlitið að öllu eða nokkru leyti. Skal einn þeirra vera skipaverkfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa, annar vélfræðingur, er hafi að minnsta kosti þriggja ára siglingatíma á skipi með 600 ha. vél eða stærri, þriðji með þekkingu á öryggisútbúnaði skipa, og skal hann hafa að minnsta kosti tveggja ár siglingatíma á skipi yfir 300 rúmlesta, og fjórði siglingafræðingur (skipstjóri), er hafi siglt minnst í tvö ár í millilandasiglingum.

Þeir skulu skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra og fullnægja kröfum þeim, er þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

Ráðherra getur ákveðið, að skipaskoðunarstjóri skuli annast eitt þessara sérfræðistarfa.

10. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:

1. eftirlitssvæði:

Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.

2. eftirlitssvæði:

Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.

3. eftirlitssvæði:

Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli.

4. eftirlitssvæði:

Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.

5. eftirlitssvæði:

Vestmannaeyjar.

11. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar eftirlitsmann á hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlits þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn skipaskoðunarstjóra.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er skipaskoðunarstjóri ákveður, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa að dómi skipaskoðunarstjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffæri skipa.

Skipaskoðunarstjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

12. gr.

Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest þörf er eftirlits á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða stöðum á svæðinu, þar sem er sérstök þörf eftirlits, ber honum að fela hæfum manni eftirlit þar, enda full-

nægi sá skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn, og fallist skipaskoðunarstjóri 50 á, að þörf sé sérstaks eftirlits á þeim stað. 31. júlí

Eftirlitsmenn skulu halda dagbók um störf sín og senda skipaskoðunarstjóra mánaðarlega skýrslu um þau.

13. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

I. eftirlitssvæði:

1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
2. — Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
3. — Frá Þjórsá að Grindavík.
4. — Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.
5. — Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
6. — Reykjavík og Kjósarsýsla.
7. — Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítará).
8. — Frá Hítará að Búlandshöfða.
9. — Frá Búlandshöfða að Skor. (Allar Breiðfjarðareyjar meðtaldar.)

II. eftirlitssvæði:

10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
11. — Allur Arnarfjörður.
12. — Allur Dýrafjörður.
13. — Allur Önundarfjörður.
14. — Allur Súgandafjörður.
15. — Frá Gelti að Geirhólma.
16. — Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

III. eftirlitssvæði:

17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
18. — Frá Skagatá að Haganesvík.
19. — Haganesvík að Siglunestá.
20. — Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
21. — Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grímsey.
22. — Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
23. — Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

IV. eftirlitssvæði:

24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. — Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. — Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. — Frá Dalatá að Gerpi.
28. — Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
29. — Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
30. — Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
31. — Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

V. eftirlitssvæði:

32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

14. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns og sjómanna-samtaka á hverjum stað skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunar-

50 manna á hverju skoðunarsvæði ákveður skipaskoðunarstjóri að fengnum tillögum 31. júlí eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann. Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

15. gr.

Áður en embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins taka til starfa, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir skoða þau skip eða annast önnur störf skipaeftirlitsins, að því er snertir skip, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti eða ef þeir eru í þjónustu slikra aðila. Eigi mega þeir heldur annast skipaskoðunarstörf að því er snertir þau skip, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

Skipaeftirlitsmaður sker úr, hvort skoðunarmenn séu óvilhallir.

16. gr.

Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er ræðir um í lögum þessum, tilskipunum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi.

Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þannig vaxna, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og skipar hann þá sérfróðan mann eða menn skoðunarmönnum til aðstoðar.

Ef þörf krefur, getur skipaskoðunarstjóri kvatt mann til skoðunar utan umdæmis síns.

17. gr.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, sem gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa.

Skoðunar- og eftirlitsmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum svo og lestum fiskiskipa. Skal þess sérstaklega gætt, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að bætt sé úr því, sem þeir telja áfátt. Telji skoðunarmenn eigi öruggt, að skip sé í förum, skulu þeir eigi láta skoðunartottorð af hendi, en tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra, að vottorð verði eigi afhent, fyrr en úr göllunum sé bætt, enda skal og skipinu bannað að vera í förum.

Um málið fer síðan samkvæmt VII. kafla.

Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað, þar sem skipið er statt, skal skoðunarmaður gefa skipstjóra hæfilegan frest til þess að fullnægja gerðum kröfum, þó eigi lengri en 3 mánuði.

Hvers vant er, ástæður til frestveitingar og lengd frests skal skráð í eftirlitsbók.

Þegar frestur er liðinn, ber skoðunarmanni að ganga úr skugga um, að bætt hafi verið úr því, sem áfátt var. Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra eftirlitsmanni frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttir til saka.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunnin, skal eftirlitsmaður leita aðstoðar skipaskoðunarstjóra í málinu, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

18. gr.

50

Eftirlitsmönnum ber hverjum í sínu umdæmi að gæta þess, að fullnægt sé fyrir- 31. júlí
mælum um öryggi skipa. Í því skyni ber þeim m. a. að athuga skip í umdæmi sínu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust, þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Komi fram, að vafi leiki á því, hvort skip sé haffært samkvæmt lögum þessum, skal það stöðvað til bráðabirgða samkvæmt 43. gr.

Ef skipaskoðunarstjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn.

19. gr.

Verði skoðunarmenn, lögreglumenn, hafnsögumenn, hafnaryfirvöld, tollmenn, trúnaðarmenn stéttarféлага sjómanna á staðnum eða skrásetningarstjórar varir við, að lög þessi séu brotin eða að brotnar séu reglugerðir settar samkvæmt þeim, eða telji þeir sig hafa ástæðu til þess að ætla, að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta eftirlitsmanni aðvart, og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 18. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva, er þeir eru að starfi sínu, þó þannig, að þeir skulu gera forstjóra stöðvarinnar aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til eftirlitsmanns skipaskoðunarinnar, ef hann telur ástæðu til.

20. gr.

Þegar embættis- og sýslunarmenn skipaefirlitsins eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenzkri höfn eða innan íslenzkrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða skipaskoðunarstjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar eru skyldir til að veita eftirlitinu alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn eftirlitsins skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelða vinnu um nauðsyn fram.

21. gr.

Embættis- og sýslunarmenn eftirlitsins eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

IV. KAFLI

Skoðun skipa.

22. gr.

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana, sem um ræðir í III. kafla, einkum 20. gr., sbr. og 8. gr., eru skoðunargerðir á skipum tvenns konar: aðalskoðun og sérstök aukaskoðun.

23. gr.

Skoðun á þiljuðum skipum annast tveir sérfróðir skoðunarmenn, sbr. þó 16. gr., 2. mgr.

Skal annar þeirra vera vélfróður, en hinn eftir atvikum skipasmiður eða sigl- ingafróður maður.

Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af sérfróðum manni.

50

31. júlí

24. gr.

Aðalskoðun skal gera á skipinu sem hér segir:

- a) Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefur verið hér á landi eða breytt þannig, að farmrými hefur verið stækkað, yfirbygging aukin, breytt um aðalvél eða því hefur verið breytt svo mjög, að mæla þurfi það af nýju.
- b) Þegar skip er fengið frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir islenzkan fána eða til útgerðar hér á landi.
- c) Á öllum öðrum skipum ár hvert.

25. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatakja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skips.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefur verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar.

26. gr.

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haffært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina, hvort tveggja ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugsemdum sínum.

Hafi skoðun leitt í ljós, að skip sé haffært, skal lögreglustjóri (tollstjóri) eða skipaskoðunarstjóri gefa því haffærissskírteini. Öryggisskírteini farþegaskipa, sem út eru gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á sjónum, 31. maí 1929, skal þó skipaskoðunarstjóri gefa út.

Í haffærissskírteini skal tilkynna nafn skips, og heimili, skrásetningarbókstafi þess, númer þess á fiskiskipaskrá og umdæmisbókstafi, ef um fiskiskip er að ræða, rúmlestatal, hvort skip sé seglskip eða vélskip, opið eða þiljað, til hvaða ferða skip sé ætlað, tölu farþega, er það má flytja, sé um farþegaskip að ræða, svo og, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, er gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Haffærissskírteini skipa, sem um ræðir í c-lið 24. gr., gildir í tvö ár, frá því að það var gefið út, enda hafi lögboðin aukaskoðun farið fram.

Nú er skip eigi í höfn hér, þegar haffærissskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinis um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en 3 mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. Nú eru annars sérstök vandkvæði á, að skírteini verði endurnýjað, án þess að eiganda, útgerðarmanni eða skipstjóra verði um kennt, og getur skipaskoðunarstjóri þá framlengt gildi skírteinis um allt að 45 daga, enda sé engin ástæða til að ætla að skip sé ekki haffært.

Haffærissskírteini skal fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaefirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipi á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skip sé óhaffært, og skal skip þá lagt í farbann, sbr. 43.

27. gr.

50

31. júlí

Sérstök aukaskoðun skal gerð, er svo stendur á sem hér segir:

- a) Þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 24. gr. í lögum þessum.
- b) Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, meiri hluti skipshafnar, vélstjóri eða stjórn stéttarfélags eða félaga sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn eftirlitsins eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur, nema kæran hafi reynt ástæðulaus og bakað útgerðarmanni tjón. Skal þá eftirlitið gefa upp þann aðila, sem kært hefur, nema það óski heldur að greiða bæturnar.
- c) Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess, svo sem er skip skiptir um veiðiaðferð.

Synji eftirlitsmaður um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið þessarar greinar, má skjóta málinu til skipaskoðunarstjóra.

28. gr.

Við sérstaka aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar, er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

29. gr.

Nú fer fram auka- eða skyndiskoðun á skipi, og getur þá skipaskoðunarstjóri ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram þá þegar, enda skal sú ákvörðun rökstudd.

30. gr.

Synji skipaskoðunarstjóri um skoðun, þegar hennar er krafizt samkv. b-lið 29. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 48. gr. Um slík mál fer sem segir í 46. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um, hvort skoðun eða eftir atvikum yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óhlutdrægir menn, er fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki haggð, ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt er af einhverjum þeim, er hlut á að máli.

V. KAFLI

Um smíði, búnað, breytingar og innflutning á skipum.

31. gr.

Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Skrokkur, reiði og vélar.

1. Skrokkur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnspétt skilrúm.
3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skal vera fullnægjandi og í góðu ástandi.
4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
5. Skip skal láta vel að stjórn og vera nægilega stöðugt, svo að því verði örugglega siglt. Athugun á stöðugleika annarra skipa en þeirra, sem um ræðir í

50
31. júlí

36. gr., framkvæmir skipaskoðunarstjóri á þann hátt, er hann telur fullnægjandi, eftir atvikum með tæknilegri rannsókn.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.—5. lið, að jafnaði talið fullnægt, ef skip fullnægir þeim kröfum, er flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma, að slíkt skip nái 1. flokki, þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða, sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.

1. Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að því verði örugglega siglt, þar með talin fjarskiptatæki, sem fyrirskipuð eru eða kunna að verða.

Í skipi skal vera a. m. k. einn áttaviti og honum komið fyrir á öruggum stað.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans til þess að rétta áttavita.

Skip skal búið þjóðfána.

C. Öryggisráðstafanir og eldvarnir.

1. Varnir gegn slysum, er leitt getur af venjulegri notkun skips, skulu vera í því horfi, að menn, sem dvelja eða vinna á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.

Auknar kröfur má gera um öryggi tækja, ef gallar á þeim valda sérstakri slyshættu.

2. Gegn eldhættu skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir. Í skipi skulu vera slökkvitæki, sem beita má hvar sem er í því. Vélknúin dæla skal vera í öllum skipum, 30 rúmlesta eða stærri.

D. Björgunartæki.

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum, er komið sé fyrir á hentugum stöðum.

2. Á skipi, sem er í millilandasiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa öllum, sem á skipi eru.

Á skipi, sem er í strandsiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa skipshöfn, en um báta og fleytitæki handa öðrum skal setja sérreglur, sbr. 2. lið 32. gr. og 34. gr.

Á hverju þilfarsskipi skal þó, auk annarra björgunartækja, sem ákveðin eru í lögum eða reglugerðum á hverjum tíma, vera gúmbjörgunarbátur, einn eða fleiri, og sé stærð þeirra miðuð við, að þeir rúmi minnst þá, sem á skipi eru. Ráðherra setur í reglugerð fyrir mæli um gerð þeirra og búnað. Skipaskoðunarstjóri veitir þeim, sem hafa ekki þegar aflað sér gúmbáta í skip sín, hæfilegan frest til öflunar þeirra. Með reglugerð um notkun björgunartækja, er ráðuneytið setur, skal eftir föngum tryggja það, að sjómönnum verði kennd meðferð gúmbjörgunarbáta.

3. Hæfilega margir bjarghringar skulu vera á skipi. Tölu þeirra ber að miða við stærð skips og fjölda þeirra manna, sem þar er ætlað að vera.

4. Nánari reglur skulu settar um notkun og öryggi björgunartækja, þar með taldar reglur um, að hve miklu leyti bátar skuli vera björgunarbátar. Er sérstaklega stendur á, má krefjast þess, að auk báta skuli vera björgunarflekar eða svipuð fleytitæki. Ef öruggt þykir, má leyfa, að slík tæki komi að nokkru leyti í stað báta, annarra en gúmbáta.

E. Vistarverur.

1. Vistarverur skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hreinlætistæki og viðhald.

Reglur um rúmmál, gólfllöt og lofthæð skulu miðaðar við gerð skips og ferðir, sem því eru ætlaðar. 50

31. júlí

Sérstök rekkja skal vera fyrir hvern skipverja.

2. Í reglugerð skal og kveða á um búnað skips að lyfjum og hjúkrunargögnum.
3. Reglugerðir, sem um ræðir í 1. og 2. lið, skulu settar af ráðherra að fengnu áliti landlæknis og skipaskoðunarstjóra.

F. Fjarskiptatæki.

Skip, sem siglir meira en 3 sjómíli frá landi og er stærra en 15 rúmlestir, skal hafa loftskeytastöð eða radiotalstöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfræksluskirteini fyrir slíka stöð, samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Stöð þessi er háð eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar. Póst- og símamálastjórnin gefur út öryggisvottorð fyrir fjarskiptatækin og tilkynnir skipaskoðunarstjóra árangur skoðunar á þeim, svo og annað varðandi þau, er ástæða þykir til.

G. Skipsskjöl.

1. Auk leiðarbókar (dagbókar) og véladagbókar skal skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð skipaefirlitsins um framkvæmdar skoðunargerðir ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið, sem krafizt kann að verða.

Þjóða má, að skip hafi segulskekkjubók, sem í er skráð segulskekkja áttavitanna.

Gerð og færslu eftirlitsbókar og segulskekkjubókar skal hagað á þann hátt, er skipaskoðunarstjóri kveður á um.

2. Lög þau og reglur um siglingamál, sem boðið er, skulu vera á skipi. Á þar til gerðum stöðum skal festa auglýsingar um þau efni, er krafizt er, að þannig séu birt.
3. Auk þjóðernis- og skrásetningarskirteinis og mælingabréfs skal skip hafa haffærisskirteini, hleðsluskirteini og leyfisbréf fyrir radiostöð. Enn fremur öryggisskirteini, þar sem þess er krafizt.

32. gr.

Um farþegaskip gilda ákvæði 31. gr. með þeim breytingum og viðbótum, er hér segir:

1. Farþegaskip skal að öllu vera þannig gert og búið, að því er snertir öryggi mannlífa, að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra, sem það er notað til.
2. Um búnað og björgunartæki farþegaskipa skal setja sérreglur.
3. Um vistarverur farþega, stærð þeirra, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, viðhald og hreinsun setur ráðherra reglugerð að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra.
4. Í skipi skal vera auglýst, svo að á ber, til hvers konar flutninga skip sé ætlað, og hámark farþegafjölda.

33. gr.

Farþegaskip, hvort heldur þau eru smíðuð til millilanda- eða strandsiglinga, skulu vera nægilega stöðug með alla farþega í annarri hliðinni á efsta þilfari, og er þá miðað við hæstu tölu farþega, sem hugsanlegt er, að skip flytji.

Að lokinni tæknilegri skoðun á stöðugleika skips skal skipaskoðunarstjóri ákveða í samráði við skipasmíðastöðina, hvernig úr skuli bætt, sé um ófullnægjandi stöðugleika að ræða.

34. gr.

Þegar skip, sem ekki telst farþegaskip samkvæmt lögum þessum, er að áliti skipaskoðunarstjóra notað til reglulegra farþegaflutninga, skal hann kveða á um það sér-

50 staklega um hvert skip, hvers krafizt skuli um gerð þess og búnað. Þegar svo ber 31. júlí undir, að skip, sem ekki er farþegaskip, flytur annað fólk en skipverja, skulu settar sérreglur um aðbúð þeirra og öryggi.

35. gr.

A. Nýsmíði innan lands:

1. Nýsmíði skipa er háð eftirliti skipaskoðunar ríkisins.
2. Um nýsmíði tréskipa fer eftir uppdráttum og reglum, er ráðherra setur um smíði þeirra, svo og öðrum þeim reglum, er varða öryggisbúnað skipa.
3. Sé um stálskip að ræða, annast skipaskoðun ríkisins eftirlitið, ef skipið er ekki smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags, en annars skal fela eftirlitið því flokkunarfélagi, er hlut á að máli. Þá skal og skipaskoðun ríkisins annast um, að skip fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru að alþjóðalögum og íslenskum réttarreglum um öryggi skipa og búnað þeirra.
4. Þegar nýtt skip er smíðað, skipar skipaskoðunarstjóri skoðunarmann, sem hefur öruggt eftirlit með smíðinni af hálfu hins opinbera. Verði því við komið, skal skipa einn hinna föstu skoðunarmanna skipaeftirlitsins á staðnum, enda verði hann talinn óhlutdrægur. Enn fremur skulu hinir sérfróðu menn, er um ræðir í 9. gr., ferðast milli skipasmíðastöðvanna samkvæmt ákvörðun skipaskoðunarstjóra, og skulu þeir leiðbeina við skipasmíðina, eftir því sem þörf krefur.

B. Nýsmíði erlendis:

1. Tréskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja ákvæðum íslenskra laga og reglugerða um smíði og styrkleika skipa eða reglum flokkunarfélags, sem viðurkennt er af ráðherra, enda sé þá gætt krafna til styrkleika skipa, sem ætluð eru til úthafssiglinga, og séu þær eigi vægari í aðalatriðum en hinar íslensku reglur.
2. Stálskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja reglum flokkunarfélaga, viðurkenndra af ríkisstjórninni, alþjóðalögum og íslenskum reglum um öryggi skipa og búnað þeirra.
3. Þegar ræðir um nýsmíði á skipum erlendis, skal skylt að hafa eftirlit með smíðinni, en fullnaðarskoðun skipaeftirlitisins fer fram þegar skipið kemur til landsins. Eftirlit þetta má skipaskoðunarstjóri fela viðurkenndu flokkunarfélagi eða viðurkenndum skoðunarmönnum.

C. Breytingar á gömlum skipum:

Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 24. gr., má gera á gömlum skipum, án þess að sérstakt leyfi skipaskoðunarstjóra sé fengið fyrir fram. Allar breytingar og viðgerðir skipa, sem varða öryggi skips, skulu gerðar undir eftirliti skipaskoðunar ríkisins, og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

D. Innflutningur skipa:

Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skrásetningar hér á landi, skulu fullnægja íslenskum lögum um styrkleika, búnað og haffæri.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, þarf skoðun ekki að fara fram, fyrr en skipið er komið heim. Sé skip ekki í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal skoðun fara fram, áður en það er keypt. Skoðunin skal skráð á þar til gerð eyðublið, sem skipaskoðunarstjóri gefur út í þessu skyni. Skoðun framkvæmir innlendur eða útlendur maður, sem hefur þekkingu á skipasmíði að dómi skipaskoðunarstjóra.

Er skipaskoðunarstjóri hefur fengið skoðunarskýrslu, kveður hann á um, hvort hann vilji mæla með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla

með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og það sé eigi eldra en 12 ára. 50
31. júlí

Þegar skip er komið heim, fer fram aðalskoðun samkv. a-lið 24. gr., sbr. og 2. mgr. 36. gr.

36. gr.

Skipum, sem voru íslenzk eign eða í smíðum fyrir íslenzka menn 1. júlí 1937, getur ráðherra veitt undanþágu frá lögum þessum, að því er einstök atriði varðar, þó ekki um haffæri skipa, sbr. 4. gr.

Ef alveg sérstaklega stendur á, má veita slíkar undanþágur skipum, sem keypt eru frá útlöndum.

Undanþágur frá ákvæðum laganna má veita skipum, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, og skipum, er gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi eða hafa ekki sérstaka aflvél innan borðs.

Undanþágur samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að skipaskoðunarstjóri mæli með þeim, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita um-sagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og sjómannafélags þess, er hann telur helzt eiga hlut að máli.

37. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um smíði og búnað skipa og véla. Ber þar að miða við, hverrar tegundar skip er, stærð þess og notkun, er það er ætlað til, svo og gerð véla og þær ferðir, sem skipi eru ætlaðar.

VI. KAFLI

Um hleðslumerki o. fl.

38. gr.

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini.

Þau íslenzk skip, sem hleðslumerkjasamþykkt, gerð í London 5. júlí 1930, nær til, skulu hafa alþjóða-hleðslumerkjaskírteini. Önnur íslenzk skip, 50 rúmlestir eða stærri, skulu hafa hleðslumerkjaskírteini, er sýnir minnsta hleðsluborð.

Skipaskoðunarstjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri, er um ræðir í 2. mgr., og nánari reglum, er ráðherra setur.

Undanþegin ákvæðum þessarar greinar um hleðslumerki eru skip, meðan þau stunda síldveiði á tímabilinu 1. júní—15. sept., enda hafi þau verið skoðuð samkvæmt c-lið 27. gr. og sú skoðun skráð í eftirlitsbók.

39. gr.

Ráðherra setur með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannlífum og haffæri skipa. Reglugerðin skal samin að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

40. gr.

Merkja skal á fram- og afturstefni allra skipa, sem stærri eru en 20 rúmlestir, mælikvarða í desimetrum annars vegar, en í enskum fetum hins vegar, er sýni, hve djúpt skip liggur í sjó.

Þegar skipaskoðunarstjóri hefur ákveðið hleðsluborð skips, skal hann, telji hann ástæðu til, merkja djúpstöðu þess á framstefni, til þess að forðast mishleðslu, enda ráðfæri hann sig við skipstjórnann og skipaskoðunarmann.

50

31. júlí

41. gr.

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við toll-afgreiðslu og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini útgfið af þar til bærnum erlendum stjórnarvöldum í ríki, sem er aðili að alþjóðasamþykkt gerðri í London 5. júlí 1930, eða viðurkenndu skipaflokkunarfélagi, getur skipaskoðunarstjóri veitt því íslenskt hleðslumerkjaskírteini í þess stað án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skipi breytt þannig, að hleðsluborð þess breytist að dómi skipaskoðunarstjóra, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

42. gr.

Bannað er að flytja benzín eða önnur þau eldfim efni, er sérstök sprengingarhætta stafar af, í farmrúmi eða á þilfari á farþegaskipum.

Um flutning efna þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., með skipum setur ráðherra reglur að fengnu álitum skipaskoðunarstjóra.

Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur að fengnu álitum skipaskoðunarstjóra, þar á meðal um flutning á dýrum.

VII. KAFLI

Um farbann o. fl.

43. gr.

Eftirlitsmenn skera úr því, hvort för skips skuli bönnuð samkvæmt lögum þessum.

Nú hefur eftirlitsmaður lagt farbann á skip, og skal það þá þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því, að banni verði af létt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda skipaskoðunarstjóra, og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollfyrirvöldum á staðnum skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum, hverjum á sínu sviði, að veita fulltingi sitt til þess, að banni verði framfylgt.

44. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal fella farbann skips úr gildi, ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt, staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji skipaskoðunarstjóri gögn skorta, sér hann um, að þeirra verði aflað.

VIII. KAFLI

Um siglingadóm og rannsókn sjóslysa.

45. gr.

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Þá skipar dómsmálaráðherra 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.

2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra **50**
á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn án þess þó að vera eða hafa verið skip-
stjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskammtamenn síðastliðin 5 ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu vera sérfróðir um firðtæki.

31. júlí

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadóm-
endanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hvernar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómarskilyrði samkvæmt lögum.

46. gr.

Hlutverk siglingadóms er:

1. Að annast yfirskoðunargerðir samkvæmt lögum þessum og kveðja yfirskoðunar-
menn.
2. Að skera úr um gildi farbanns.
3. Að dæma og eftir atvikum rannsaka refsímál, sem höfðuð eru að tilhlutun skipa-
skoðunarstjóra út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.
4. Að skera úr um gjaldskyldu og gjaldsupphæð samkv. 53. gr.

47. gr.

Hafi einhver sá atburður gerzt, er valdi því, að halda beri sjóferðapróf sam-
kvæmt 45. gr. l. nr. 56 30. nóv. 1914, ber að gera eftirlitsmanni í því umdæmi, þar
sem sjópróf er haldið, aðvart um það, og sé um að ræða strand skips, verulegar
skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna, ber hon-
um að mæta eða láta mæta við prófin.

Eftirlitsmanni ber og að hefjast handa um, að próf sé haldið, ef hann telur ástæðu
til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 27. gr.

Hinir reglulegu sjóðómar annast sjópróf og rannsóknir sjóslysa.

Á I. eftirlitssvæði fer þó siglingadómur með rannsóknina, en getur falið hana sjó-
dómi, þar sem skip er statt, ef um litilræði er að ræða eða sérstaklega stendur á. Sigl-
ingadómur getur haldið sjópróf hvar sem er á landinu, ef hann telur ástæðu til.

Öll sjópróf fara fram að hætti sakamála.

Að prófi loknu skal eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem próf er haldið, sent
eftirrit af því. Eftirlitsmaður getur krafizt framhaldsprófs, ef hann telur ástæðu til.
Hann sendir síðan skipaskoðunarstjóra eftirrit prófanna ásamt athugasemdum sínum.

Skipaskoðunarstjóri sendir síðan skjölin til dómsmálaráðuneytisins, og telji
hann ástæðu til að ætla, að um refsivert brot sé að ræða, gerir hann tillögu um
málshöfðun og lætur fylgja greinargerð og gögn, er hann telur þurfa.

Nú fyrirskipar dómsmálaráðherra málshöfðun, og gefur þá siglingadómur
út stefnu og ákveður fyrirtöku málsins á þeim stað og tíma, er hann telur henta.
Málið skal síðan rekið að hætti sakamála, þó þannig, að málf lutningur er munn-
legur og opinber.

50

48. gr.

31. júlí

Nú hefur farbann verið lagt á skip, og getur þá skipstjóri eða útgerðarmaður kært það fyrir siglingadómi.

Nú er synjað um að leggja farbann á skip eftir kröfu þeirra aðila, sem um ræðir í b-lið 27. gr., og geta þeir þá kært synjunina fyrir siglingadómi.

49. gr.

Málum höfðuðum samkvæmt 30., 48. og 53. gr. þessara laga skal beint gegn skipaskoðunarstjóra. Þeim skal hraðað svo sem föng eru á. Sérstaklega skal hraða máli svo sem unnt er, þegar úrskurða skal um farbann. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður, ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

IX. KAFLI

Um gjöld.

50. gr.

Fyrir skoðanir á skipum, eimkötllum, mælingu á skipum, útgáfu skirteina, endurskoðun smíðauppráttu og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

51. gr.

Fyrir eftirlit flokkunarfélags eða annars trúnaðarmanns skipaskoðunar ríkisins greiðir eigandi þeim, sem hlut eiga að máli.

52. gr.

Öll framangreind gjöld ber eiganda skips að greiða, og renna þau í ríkissjóð, sbr. þó 51. gr.

Gjöldin skulu innheimt af skipaskoðun ríkisins eða lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) á sama hátt og önnur opinber gjöld til ríkisins.

Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

53. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafðið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar skipaskoðunarstjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þrem mánuðum frá því, er honum var kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til siglingadóms, er þá sker úr um málið, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað.

Ríkissjóður endurgreiðir gjaldanda að öllu eða nokkru samkvæmt því, sem í úrskurði siglingadóms segir.

Skipaskoðunarstjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í slíkum málum.

Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

X. KAFLI

50

Um laun.

31. júlí

54. gr.

Skipaskoðunarstjóri og sérfróðir fulltrúar hans, sem skipaðir eru fastir starfsmenn við eftirlitið og hafa það að aðalstarfi, skulu launaðir samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins, og taka þeir laun sín úr ríkissjóði.

55. gr.

Skoðunarmenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, og skal þar tekið tillit til verks þess, sem í té er látið.

56. gr.

Fastir dómendur siglingadóms skulu launaðir á sama hátt og fastir dómendur í félagsdómi.

Laun aukadómenda ákveða hinir föstu dómendur eftir málavöxtum hverju sinni.

57. gr.

Allir framangreindir embættis- og sýslunarmenn taka laun sín úr ríkissjóði. Skrifstofukostnaður, ferðakostnaður og nauðsynleg aðstoð greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

XI. KAFLI

Um refsingar, svipting réttinda o. fl.

58. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Nú er skipi, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá eigi beita vægari refsingu en varðhaldi.

Refsingu skal beitt eigi aðeins við skipstjóra, þann, er í hans stað kemur, og aðra, sem beinan þátt eiga í broti, heldur og eiganda skips, útgerðarmann eða annan yfirboðara, enda sé brotið framið með vitund þess manns eða vilja.

59. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sakborninga.

60. gr.

Ef skip, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, er leyst úr höfn, svo og, ef skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, varðar það skipstjóra missi réttar til skipstjórnar eigi skemur en 3 mánuði.

Sé brot ítrekað eða hafi verulegt tjón hlotið af á mönnum eða verðmætum, skal beitt réttindasviptingu í 6 mánuði og allt að 5 árum eða ævilangt, ef brot er stórfellt.

Réttindasviptingu samkvæmt þessari grein skal beitt við yfirvélastjóra, loftskeytamenn og aðra yfirmenn skips, eftir því sem við á, ef þeir gerast brotlegir gegn lögum þessum eða taka þátt í brotum á þeim.

50

31. júlí

Lög þessi raska í engu ákvæðum 21. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

61. gr.

62. gr.

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar eða búnaðar þess, vanrækir störf sín samkvæmt lögum þessum af ásetningi eða vitaverðu gáleysi, varðar það hann refsingu og réttindamissi samkvæmt 58. og 60. gr.

63. gr.

Svipting réttinda samkvæmt lögum þessum skal gerð með dómi. Hver sá, sem sviptur hefur verið réttindum samkvæmt lögum þessum, skal afhenda lögreglunni réttindaskirteini sitt. Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

64. gr.

Hafi maður verið sviptur réttindum samkvæmt lögum þessum lengur en 5 ár, getur dómsmálaráðherra veitt honum réttindin aftur, enda séu meira en 5 ár liðin frá réttindasviptingu, sönnur færðar á, að sá, er hlut á að máli, hafi lifað heiðarlegu og grandvöru líferni, hafi enn þá þekkingu og leikni, er til starfans þarf, og ástæður mæli að öðru leyti með.

Endurveiting réttinda samkvæmt þessari grein er þó því aðeins heimil, að skipaskoðunarstjóri og siglingadómur mæli með.

XII. KAFLI

Um gildistöku laganna o. fl.

65. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum og bátum, lög nr. 38 30. júní 1942, um breyting á þeim lögum, svo og önnur þau ákvæði, er eigi fá samrýmt lögum þessum.

66. gr.

Reglugerðir, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar.

67. gr.

Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna skipaskoðunarstjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsíákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.

Gjört að Hallormsstað, 31. júlí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

STJÓRNARSKIPUNARLÖG

51

14. ágúst

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á stjórnarskipunarlög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af:

a. 25 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 5 fimm manna kjördæmum:

Vesturlandskjördæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.

Vestfjarðakjördæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.

Norðurlandskjördæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.

Austurlandskjördæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.

Reykjaneskjördæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.

b. 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 2 sex manna kjördæmum:

Norðurlandskjördæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.

Suðurlandskjördæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.

c. 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í Reykjavík.

d. 11 landskjörnir þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára. Á hverjum framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri menn en kjósa á í því kjördæmi, og skulu varamenn, bæði fyrir kjördæmakosna þingmenn og landskjörna, vera svo margir sem til endist á listanum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Ákvæði um stundarsakir.

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.

Gjört í Reykjavík, 14. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr.

- Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem
1. eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram;
 2. eiga ríkisborgararétt hér á landi;
 3. hafa verið búsettir hér á landi síðustu 5 árin áður en kosning fer fram;
 4. hafa óflekkað mannorð og
 5. eru fjárráðir.

2. gr.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Maður telst fjárráður, þó að bú hans sé undir gjaldþrotaskiptum.

4. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá karl eða kona, sem kosningarétt á samkvæmt 1. gr., nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

II. KAFLI

Kjördæmi.

5. gr.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja, og er landinu skipt í kjördæmi, sem hér segir:

- A. Kjördæmi, þar sem kosnir eru hlutbundinni kosningu fimm alþingismenn og varamenn þeirra í hverju kjördæmi:
 1. Vesturlandskjördæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
 2. Vestfjarðakjördæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.
 3. Norðurlandskjördæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
 4. Austurlandskjördæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
 5. Reykjaneskjördæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.

- B. Kjördæmi, þar sem kosnir eru hlutbundinni kosningu sex alþingismenn og varamenn þeirra í hvoru kjördæmi: 52
1. Norðurlandskjördæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
 2. Suðurlandskjördæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
- C. Reykjavíkurkaupstaður er sérstakt kjördæmi, þar sem kosnir eru hlutbundinni kosningu tólf alþingismenn og varamenn þeirra.

14. ágúst

III. KAFLI

Kjördeildir.

6. gr.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir, og er hver hreppur eða kaupstaður ein kjördeild, nema honum hafi verið skipt í fleiri kjördeildir.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd með samþykki yfirkjörstjórnar að skipta kaupstað eða hreppi í kjördeildir. Hreppum má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar.

Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 15 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess, áður en kjörskrá hefur verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að álitu yfirkjörstjórnar.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstaði í sveitum, en tölusetja þær til aðgreiningar í kaupstöðum.

IV. KAFLI

Kjörstjórnir og kjörstjórar utan kjörfunda.

7. gr.

Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrennar:

1. Landskjörstjórn.
2. Yfirkjörstjórnir.
3. Undirkjörstjórnir.

8. gr.

Sameinað Alþingi kys eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm manna landskjörstjórn hlutbundnum kosningum og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

9. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, og eru þeir kosnir af sameinuðu Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn. Kys hún sér sjálf formann. Yfirkjörstjórnarmenn skulu allir vera búsettir í hlutaðeigandi kjördæmi. Nú forfallast landskjörstjórnar- eða yfirkjörstjórnarmaður, eða yfirkjörstjórnarmaður flyzt búferlum úr kjördæmi og varamaður er ekki tiltækur, og skipar ráðherra menn í þeirra stað eftir tillögu þess flokks, sem kaus þá á Alþingi.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt, þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst, meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar vera eins miðsvæðis í kjördæminu og kostur er, enda liggi það vel við samgöngum.

52

14. ágúst

10. gr.
Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kys til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hreppstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar þess hrepps eða kjördeildar, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kys bæjarstjórn 3 manna kjörstjórn til þess að hafa með höndum stjórn undirkjörstjórna á hverjum kjörstað. Yfirkjörstjórnir skulu jafnan vera reiðubúnar til þess að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosninguna, ef með þarf.

11. gr.

Sá, sem á sæti í yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis. Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, skal víkja sæti, þegar úthlutað er uppþótarþingsætum, ef hann getur sjálfur komið til greina við skipun í uppþótarþingsæti.

12. gr.

Varamenn taka sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í föllum aðalmanna eftir venjulegum reglum, þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð, kveður hún sjálf til þann eða þá, sem þarf til þess, að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

13. gr.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkvæmt lögum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti), fulltrúar þeirra, sendiherrar og sendifulltrúar, sendiráðsritarar og attachés, útsendir aðalræðismenn, útsendir ræðismenn og vararæðismenn Íslands erlendis svo og kjörræðismenn, ef þeir eru íslenzkir ríkisborgarar eða af íslenzku þjóðerni og mæla á íslenzka tungu, hreppstjórar og skipstjórar á íslenzkum skipum í millilandasiglingum og á fjarlægum miðum. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri.

Ef kjörstjórar eru í framboði, skulu þeir víkja sæti og varamenn gegna störfum þeirra. Fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta) skulu vera varamenn þeirra, en sýslumenn skipa varamenn hreppstjóra, og 1. stýrimaður skal vera varamaður skipstjóra. Ekki má utankjörfundarkosning fara fram á heimili frambjóðanda.

V. KAFLI

Kjörskrár.

14. gr.

Sveitarstjórnir annast um, að gerðar séu kjörskrár til alþingiskosninga, er fram eiga að fara, og skal samningu skráa vera lokið svo tímanlega, að þær verði lagðar fram svo sem fyrir er mælt í 19. gr.

15. gr.

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. laga þessara og voru heimilisfastir í

sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma, er kjörskrár skulu fram lagðar samkvæmt 1. málsg. 19. gr. 52

2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar málsg., að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur eða 5 ára búsetu í landinu, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum fyrir lok þess árs, er kosningar fara fram.

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefur ekki fullnægt skilyrðunum um aldur eða 5 ára búsetu í landinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefur náð að fullnægja öllu þessu, og skal rita framan við mánaðardaginn: Fær atkvæðisrétt.

Nöfn þeirra, sem standa á kjörskrá með slíkum athugasemdum, skal undirstríka eða auðkenna greinilega á annan hátt.

16. gr.

Kjörskrá skal rita á eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið lætur í té, og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur skrá á þau.

Þegar kjörskrá hefur verið samin, skal oddviti í hreppnum undirrita hana og að minnsta kosti einn maður annar úr hreppsnefndinni með honum, en í kaupstöðum borgarstjóri eða bæjarstjóri.

17. gr.

Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti), jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það, sem skort hefur á, að færi lögum samkvæmt.

18. gr.

Frá því að kjörskrá hefur verið samin og þangað til hún hefur verið lögð fram samkvæmt 19. gr., skal almennigur eiga aðgang að staðfestu eftirriti af henni hjá oddvita hreppsnefndar eða í skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra. Skriflegar aðfinnslur við kjörskrána, sem koma fram á þessum tíma, skal taka til meðferðar, er kjörskrá hefur legið frammi samkvæmt 19. gr., og á þann hátt, sem fyrir er mælt um aðrar kjörskrárkærur í 20. og 21. gr.

19. gr.

Tveimur mánuðum fyrir kjördag skal leggja kjörskrá fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hverri kjördeild utan kaupstaða. Kjörskrá skal jafnan liggja frammi að minnsta kosti á einum stað í hverjum kaupstað eða kaupsýslu.

Fjörtán dögum áður en kjörskrá er lögð fram skal auglýsa, hvar það verður gert, og á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Þegar auglýst er í blöðum um þetta innan kaupstaða, nægir þó þriggja daga frestur. Heimilt er ráðherra að stytta frest þennan eða fella hann alveg niður.

Kjörskrá skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu fjórar vikur, eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

20. gr.

Þegar 3 vikur eru til kjördags, skal hver sá, sem kæra vill, að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða borgar- eða bæjarstjóra kæru sína með þeim rökum og gögnum, sem hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða borgarstjóri eða bæjarstjóri innan 3 daga gagngert senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærinni.

52

14. ágúst

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, sbr. 18. og 20. gr., skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag. Til þess fundar skulu með 3 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinnslurnar, og þeir, sem mælt er á móti, eða umboðsmenn þeirra. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fáum orðum í gerðabók hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir hana. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

22. gr.

Kjörskrá skal samin í tveim eintökum, og skal annað eintakið sent oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á, jafnskjött sem kjörskráin er endanlega undirrituð, en 2 mánuðum fyrir kjördag skal tilkynna honum tölu þeirra, sem á kjörskrá verða, eftir því sem næst verður komizt.

23. gr.

Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem hér er gert ráð fyrir, og má þá stytta þetta allt hlutfallslega eftir nánari fyrir-mælum ráðherra í auglýsingu um kosningarnar.

Ráðherra er og heimilt að stytta alla fresti, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, þegar gera þarf ráðstafanir út af vanrækslu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um samning kjörskrár, sbr. 17. gr.

24. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarvistar eða af öðrum ástæðum hefur ekki átt kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá, áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki. Máli út af þessu skal dómara skylt að hraða svo, að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Skal dómari skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum, og frestar áfrýjun ekki fullnægingu dómsins.

Dómsgjöld skal engin greiða í málum þessum.

25. gr.

Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einu kjördæmi eða einni kjördeild við sömu kosningu til Alþingis. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu eða fleiri kjördeildum en einni, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 15. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefur öðlazzt atkvæðisrétt á kjördegi, en annars ekki.

VI. KAFLI

52

Framboð.

14. ágúst

26. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram, skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri, sem í hlut á, eigi síðar en 4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í kjöri eru.

27. gr.

Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík og eigi færri en 50 og eigi fleiri en 100 í öðrum kjördæmum.

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnsmálaflokk listinn sé boðinn fram. Ef yfirlýsingu þessa vantar, telst listi utan flokka.

28. gr.

Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

29. gr.

Nú berst yfirkjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.

30. gr.

Á framboðslista í kjördæmi skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

31. gr.

Það er ekki nauðsynlegt, að kjörgengi frambjóðenda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru, jafnframt því sem það úrskurðar um, hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

32. gr.

Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum, áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

33. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni, eru fram-

- 52 bjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn
 14. ágúst gæta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana, er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum og talningu atkvæða. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.

34. gr.

Stjórnmalaflokkur, sem þátt tekur í alþingiskosningum, á rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er úthlutun uppþótarþingsæta fer fram, til þess að gæta þar réttar flokksins.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

35. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Landskjörstjórn bókar um viðtöku kjörgagna, samtölu atkvæða hinna einstöku stjórnmalaflokka og úthlutun uppþótarþingsæta o. s. frv., yfirkjörstjórnir um viðtöku framboða, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar, undirkjörstjórnir um allt, sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnna, en yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórnna.

Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnnum í té embættisinnsgli.

36. gr.

Dómsmálaráðuneytið heldur bók yfir utankjörfundarkjörgögn og bókar, hve mörg kjörblöð með umslögum það sendir hverjum kjörstjóra utan kjörfunda, sbr. 13. gr., og tölusetningu þeirra (sbr. 44. gr.).

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfélagi) halda sams konar bækur og færa til bókar á sama hátt utankjörfundarkjörgögn þau, er þeir láta frá sér til hreppstjóra og skipstjóra.

37. gr.

Yfirkjörstjórn skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu væntanlega tölu kjósenda í kjördæmi sínu, jafnskjótt sem henni hefur horizt áætlun um það (sbr. 22. gr.), og eigi síðar en 6 vikum fyrir kjördag.

38. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð, heldur yfirkjörstjórn fund á næsta virkum degi, og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, sem yfirkjörstjórn hefur bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð, ræður afl atkvæða úrslitum.

39. gr.

Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur, og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim, sem rækur er ger.

40. gr.

52

14. ágúst

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista, merkir hún lista hinna eldri stjórnmalaflokka sama bókstaf og þeir höfðu síðast og lista nýrra stjórnmalaflokka í áframhaldandi stafrófsröð eftir röð, er heiti þeirra stjórnmalaflokka verður í, er þeim er raðað í stafrófsröð. Þó er stjórnmalaflokki heimilt að velja sér bókstaf, sem eigi er notaður af þingflokki, en tilkynna skal hann landskjörstjórn slíkt val samstundis. Sé ágreiningur um slíkt val milli flokka, sker landskjörstjórn úr.

Landskjörstjórn skal sjá um, að samræmi sé í merkingu framboðslista milli kjördæma, þannig að sami stjórnmalaflokkur hafi alls staðar sama listabókstaf.

41. gr.

Nú eru fleiri en einn listi boðnir fram fyrir sama stjórnmalaflokk í kjördæmi, og skal þá merkja þá: A, AA, B, BB, C, CC, o. s. frv. Listi, sem boðinn er fram utan flokka, er merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum.

42. gr.

Yfirkjörstjórn gerir þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi og Lögbirtingablaði og auk þess í dagblöðum eða vikublöðum í viðkomandi kjördæmi á þann hátt, að greindur sé bókstafur hvers lista, fyrir hvaða stjórnmalaflokk hann er í kjöri, að hann sé utan flokka, ef því er að skipta, og svo nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttari röð.

43. gr.

Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það dómsmálaráðuneytinu, sem birtir listann þannig breyttan í útvarpinu og tilkynnir það öllum yfirkjörstjórnnum, svo og öllum kjörstjórnnum utan kjörfunda.

44. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörseðla þá ásamt fylgibréfum og umslögum, er þar til heyra og notuð verða við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörfunda 4 vikum fyrir kjördag.

45. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda skulu vera þannig gerð:

Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínunum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, tölusettt áframhaldandi tölum. Hver 10 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldréfi. Jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflínunum, svo að auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibréfinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra. Kjörblað skal vera svipað þessu:

52
14. ágúst

Nr.

.....
(Nafn og föðurnafn kjósenda.)

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaður.)

kaus
(Staður, dagsetning og ár.)

hjá
(Staða.)

.....

Nr.

Ég undirritaður, sem á heima

.....
(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaður.)

og vegna fjarveru get ekki sótt kjörfund á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi séð, hef útfyllt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi ég því yfir, að ég hef engan annan kjörseðil frá mér sent og hef ekki kosið annars staðar.

.....
(Staður, dagsetning og ár.)

.....
(Undirskrift kjósenda.)

Að
(Fullt nafn kjósenda.)

.....
(Heimili kjósenda.)


hafi undirskrifað fylgibréfið, sem er rétt dagsett, og að þar ungetinn kjörseðill sé útfylltur aðstoðarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.

.....
(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili.)

Vitundarvottar

(Embættisstimpill nægir ekki.)

.....
(Nafn.)



Umslögín skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír, hæfilega stór utan um fylgi- **52**
bréfið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefur verið lokað og fylgibréfið með **14. ágúst**
honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin, og
hverju 10 blaða hefti fylgja 10 umslög með sömu tölum.

46. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) senda nægilegar birgðir
utankjörfundarkjörgagna til annarra kjörstjóra, hver í sínu umdæmi, og færa hverja
sendingu til bókar samkvæmt 36. gr.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

47. gr.

Skipstjórar þeir, sem eru kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda sam-
kvæmt 13. gr., skulu gæta þess, að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar
nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera að minnsta kosti 1 eintak af
bók þeirri, er í 61. gr. getur.

Enn fremur er skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru
almennar alþingiskosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjör-
daginn, jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

48. gr.

Þá er skipstjóri veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal hlutaðeigandi
sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) taka af honum drengskapar-
yfirlýsingu um, að kosning í skipi hans skuli fara fram samkvæmt fyrir mælum
þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.

49. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í tæka tíð yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð undir
kjörseðla þá, sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

50. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír,
sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar
alþingiskosningar.

51. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skal gera þannig, að
hægt sé að prenta listana á það, hvern við annars hlið, og skal ætla um 6 cm breidd
hverjum lista, en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda.

52. gr.

Að liðnum framboðsfresti skulu yfirkjörstjórnir, hver fyrir sitt kjördæmi, láta
fullgera kjörseðla þá, sem notaðir verða á kjörfundi, ef kosning á að fara fram í
kjördæminu. Við almennar kosningar svo og uppkosningar í sambandi við þær
fellur kosning ekki niður, þó að einungis einn listi sé í kjöri.

53. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi, skal fullgera á þennan hátt:

Prenta skal listana á eyðublaðið, hvern við annars hlið, í röð eftir bók-
stöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og
standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð

52 ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti $\frac{1}{2}$ cm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista, fyrir hvern stjórnmalaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn, en ofan við nöfnin á listanum: **Listiflokksins**. Ef listi er boðinn fram utan flokka, skal á sama hátt prenta neðan við listabókstafinn: **Listi utan flokka**.

54. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig, að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá, sem sendir eru undirkjörstjórnnum, og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá frá sér.

55. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin eins fljótt og verða má afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórn innsiglar með embættisinnsgli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsglið.

Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórnar, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir, þegar atkvæði eru talin.

56. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórn sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 6 umslög, og skal á neðra framhorn vera prentað á tvö þeirra: **Ónýtir seðlar**, á tvö **Ágreiningsseðlar** og á tvö **Afgangsseðlar**.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt umslag með áprentaðri utanáskrift sinni og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefur hana ekki fyrir, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

IX. KAFLI

Kjördagur.

57. gr.

Þá er almennar, reglulegar alþingiskosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, síðasti sunnudagur í júnímánuði.

Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki fram farið á þeim degi.

Kjörtímabilið er 4 ár.

X. KAFLI

Kjörstaðir. Atkvæðakassar. Handbók kosningalaga.

52

14. ágúst

58. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveða hreppsnefndir eða bæjarstjórnir.

Sé þingstaður innan kjördeildar, skal hann að jafnaði vera kjörstaður. Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

59. gr.

Þar, sem kosning fer fram, skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni og svo um búíð, að ekki verði í það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á slíku vól, má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að ekki sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli undirkjörstjórnar.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

60. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) atkvæðakassana og poka, sem þeim fylgja, milli kosninga og sér um, að þeir séu til taks í tæka tíð þar, sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassar allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm að lengd, 21 cm að breidd og 15,7 cm á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm löng að minnsta kosti, en 6,5 mm víð að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir strigapokar, saumlausir, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana. Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðakassa og poka.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á, að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum til afnota í kjördæminu.

61. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur hverri kjördeild í té tvö eintök af lögum þessum, sem það lætur gefa út ásamt stjórnarskránni í handhægri útgáfu með skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir.

Formenn undirkjörstjórna geyma eintök þessi, og skulu þau jafnan vera við höndina á kjörstað, meðan kjörfundur stendur yfir.

XI. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

62. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörfundar eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

Sömu heimild til að greiða atkvæði undan kjörfundar hafa þeir, sem samkvæmt læknavottorði er ráðgert að dveljast muni í sjúkrahúsi á kjördegi, einnig barnshafandi konur, sem ætla má að muni verða hindraðar í að sækja kjörfund á kjördegi.

52

14. ágúst

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta), í skrifstofu sendiráðs eða útsends aðalræðismanns, útsends ræðismanns eða vararæðismanns Íslands, eða kjörræðismanns, er uppfyllir skilyrði 13. gr., í skrifstofu eða heimili hreppstjóra eða um borð í íslenzku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu.

63. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar, eiga rétt á að greiða atkvæði, úr því að 4 vikur eða styttri tími er til kjördags, en fari kosning fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Þegar svo stendur á, að frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., má þó kjósandi, sem þegar hefur greitt atkvæði utan kjörfundar, endurtaka kosninguna, og eins þó að hann eigi ekki kost á að heimta þá þegar aftur hið fyrra atkvæði sitt (sbr. 72. gr.) annaðhvort af því, að það sé í fjarlægð eða varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa.

64. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar, eiga rétt á að greiða atkvæði, úr því að 4 vikur eða styttri tími er til kjördags, en fari kosning fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Þegar svo stendur á, að frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., má þó kjósandi, sem þegar hefur greitt atkvæði utan kjörfundar, endurtaka kosninguna, og eins þó að hann eigi ekki kost á að heimta þá þegar aftur hið fyrra atkvæði sitt (sbr. 72. gr.) annaðhvort af því, að það sé í fjarlægð eða varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa.

65. gr.

Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji bafa röðina á listanum.

66. gr.

Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá ástæðum til þess, að hann óskar að neyta atkvæðisréttar síns fyrir kjördag, og gera sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann muni verða staddur á kjördegi. Skal kjörstjóri færa upplýsingar þessar í bók, sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni. — Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli, og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorð á fylgibréfinu, og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt né losa hann frá fylgibréfinu.

Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um, að kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibréfið og eins þó að kosið sé hjá sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta).

67. gr.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra, og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Umboðsmenn framboðslista skulu hafa aðgang að bók þeirri, sem um getur í 1. mgr. 66. gr.

68. gr.

52

14. ágúst

Þegar gengið hefur verið frá fylgibréfinu samkvæmt ákvæðum 66. gr., skal kjósandinn láta það með kjörseðlinum áföstum í tilheyrandi umslag og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík borgarfógeta) eða kjörstjórnarinnar í þeirri kjördeild, þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Síðan innsiglar kjörstjóri umslagið með lakki og þar til gerðu innsigli. Þó gildir sú meðferð ekki um þá atkvæðaseðla, er getur í 2. mgr. 71. gr. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjördæmi.

Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

69. gr.

Nú ónýttist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýtta seðilinn ásamt fylgibréfinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýttur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórnar ásamt hinum gildu atkvæðum.

Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtt.

70. gr.

Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

71. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) innfæra á sérstaka skrá atkvæðabréf þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert bréf, frá hvaða kjósanda það sé, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu bréf þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigliðum af kjörstjóra ásamt undirkjörstjórn, og er umboðsmönnum lista heimilt að setja á hann innsigli sín.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta (borgarfógeta) í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með bréfunum sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti (borgarfógeti) síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sé komin henni í hendur, áður en kjörfundur er settur.

Þau bréf, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis, þar sem hlutaðeigandi kjósandi er á kjörskrá, en þegar svo stendur á, að bréfi er komið í aðra kjördeild en þá, þar sem hlutaðeigandi kjósanda hefur borið að kjósa, skal undirkjörstjórn geta þess sérstaklega í kjörbókinni og senda slík bréf aðskilin til yfirkjörstjórnar.

72. gr.

Kjósandi getur jafnan krafizt þess af hverjum þeim, er varðveitir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefur verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

XII. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

73. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis. Yfirkjörstjórn í kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd, er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, unz hinir koma.

Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegi, skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt, sem segir í 19. gr., 2. málsg.

74. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn, og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

75. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk umboðsmanna lista (sbr. 33. gr.) má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggullinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn telja líka. Skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn þar undir.

76. gr.

Nú hefur kjörstjórn borizt atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána, sem fylgir (sbr. 71. gr.). Bréfin leggur hún til hliðar og varðveitir þau, meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar, er henni kunna að hafa borizt eða berast, meðan á atkvæðagreiðslunni stendur.

77. gr.

Kjörstjórn athugar, hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni í því skyni að greiða atkvæði í annarri kjördeild (sbr. 82. gr.), og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni, sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

78. gr.

Í kjörfundarstofu svo og annars staðar á kjörstað skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar, er dómsmálaráðuneytið gefur út í því skyni.

79. gr.

Dómsmálaráðuneytið sendir yfirkjörstjórnnum í tæka tíð nægilega mörg eintök leiðbeininga þeirra, er getur í 78. gr., en yfirkjörstjórnir senda þær aftur undir kjörstjórnnum.

80. gr.

52

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörzlu 1 mann eða fleiri, sem skiptast á. 14. ágúst

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að atkvæðagreiðsla hefjist, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyrr inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

81. gr.

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef hann á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

Telji kjörstjórnin vafa á, hver maðurinn sé, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

82. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, nema hann samkvæmt athugasemd við nafn hans hafi annaðhvort ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi eða þá að hann hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði, nema hann sanni með vottorði, að nafn hans standi á kjörskrá í annarri kjördeild innan sama kjördæmis og hafi afsalað sér þar kosningarrétti, og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar, og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar, þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósenda tilgreint. Vottorð er einnig gilt, sé það undirritað af hreppsnefnd í þeim hreppi, þar sem kjósandi er á kjörskrá, eða oddvita fyrir hennar hönd. Ber oddvita að tilkynna undirkjörstjórn kjördeildar fyrir kjördag, hvaða kjósendum í kjördeildinni hreppsnefnd hafi gefið vottorð.

83. gr.

Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því, er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en 2 venjuleg dökk ritblý, er kjörstjórn lætur í té og sér um, að jafnan séu nægilega vel ydd.

84. gr.

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja o. s. frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Sé frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim lista, er hann kýs, sem hann vill hafna, strikar hann yfir nafnið eða nöfnin.

85. gr.

Kjósandi gætir þess, hvornig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það, sem segir í lögum þessum.

52

14. ágúst

86. gr.
Kjósandi má ekki haggja neitt við listum, sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

87. gr.

Þegar kjósandi hefur gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr klefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður, jafnvel þótt hann skili auðum seðli.

88. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar samkvæmt grein þessari.

89. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar, en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósenda, um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

90. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur, og síðan læsa honum.

91. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ónýtur, og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósenda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann, víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

92. gr.

Nú er kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar og skilið eftir atkvæði sitt hjá kjörstjóra, eða sent það til hans eða komið því á annan hátt til undirkjörstjórnar, staddur á kjörstaðnum á þeim tíma, er kjörfundur stendur yfir, þ. e. innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar, og er hann þá skyldur að tilkynna nærveru sína, áður en atkvæðagreiðslu er lokið. Getur hann þá greitt atkvæði á kjörfundinum, en utankjörfundarseðill hans kemur þá ekki til greina við kosninguna. Sama gildir, ef ráðgerð forföll samkv. 2. málsg. 62. gr. reynast ekki fyrir hendi á kjördegi.

93. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar, frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin, frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði, og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundu skal þó eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

52
14. ágúst

94. gr.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiðir kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur.

95. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borizt með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn og umboðsmenn lista athuga fylgibréfin, bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsaka, hvort sá, sem bréfið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefur greitt atkvæði á kjörfundu. Ef svo reynist, að sá, sem bréfið er frá, standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundu, setja meðkjörstjórnar merki við nafn kjósendans á eftirritin af kjörskránni.

Komi fram umslag með ónýttum seðli (sbr. 69. gr.), skal kjörstjórn athuga fylgibréf og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ónýtta seðla, er hún sendir yfirkjörstjórn.

96. gr.

Komi það í ljós, að sá, er sent hefur utankjörfundaratkvæði, standi ekki á kjörskrá, eða hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, eða sé búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild (sbr. 82. gr.), eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 92. gr.), eða hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin fylgibréfið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf með áföstum kjörseðli, eða umslag og fylgibréf er ekki tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera, eða ekki hefur verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru í þessum lögum.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósenda (sbr. 32. og 64. gr.), og skal þá aðeins hið síðast greidda atkvæði koma til greina.

97. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um það, hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina, í hverju ágreiningurinn er fölginn, og leggja atkvæðið, þ. e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í umslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

98. gr.

Þá utankjörfundarkjörseðla, sem enginn ágreiningur er um, að gildir séu, rífur kjörstjórn frá fylgibréfunum, gætir þess vandlega, að þeir opnast ekki né skaddist, og lætur þá í atkvæðakassann.

99. gr.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitid bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

52 Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosningargerð-
14. ágúst ina, á hann rétt á að bóka það sjálfur, og riti hann nafn sitt undir.

100. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir í atkvæðakassann, skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum, sem ónýttir hafa verið (sbr. 69. og 91. gr.), í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um (sbr. 97. gr.), og í hinu þriðja öllum þeim seðlum, sem afgangs eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefur verið lokað, skal ganga frá þeim öllum þremur ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þess skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórn hefur sent í þessu skyni. Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók eða afriti úr kjörbók, sem undirritað er af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef þeir hafa verið viðstaddir, í strigapoka þeim, er atkvæðakassanum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið sem næst hnútnum. Umboðsmenn eiga rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins. Pokann skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað í pósti, ef ferð fellur þá þegar, en annars með áreiðanlegum sendimanni. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

Eftir að kjörstjórn hefur gengið frá kjörgögnum samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, mega hin innsigluðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörzlu sama manns.

101. gr.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis, má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan, að viðstöddum umboðsmönnum lista.

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, sendir hún kjörskráreintök þau, sem notuð voru við kosninguna, í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar. Að lokinni atkvæðatalningu býr yfirkjörstjórn um kjörskrárnar í innsigluðum umbúðum og sendir þær dómsmálaráðuneytinu.

XIII. KAFLI

Kosningaúrslit í kjördæmum.

102. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórn er skylt að sjá um, að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má, að dómi yfirkjörstjórnar.

Sé kosningu frestað samkvæmt 128. gr., má talning atkvæða aldrei fara fram, fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

103. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu, og skal yfirkjörstjórn þá kveðja valinkunna menn úr sama stjórn málafllokki, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.

104. gr.

52

14. ágúst

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins, eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsigli séu ósködduð. Hafi yfirkjörstjórn borizt bréf með utankjörfundaratkvæði samkv. 71. gr. 5. mgr., skal fara með það eins og segir í 95. gr. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum hellt í hæfilegt tómmt ílát með loki yfir og þannig haldið áfram, unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjördeildum blandist vel saman.

Því næst skulu kjörseðlar teknir úr ílátinu, og les oddviti upp listabókstafinn, sem við er merkt á hverjum seðli, og réttir hann jafnóðum umboðsmönnum lista til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við bókstaf hvers lista.

105. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

1. Ef kjörseðill er auður.
2. Ef ekki verður séð, við hvern lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af listum, sem í kjöri eru.
3. Ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum eða skrifaður fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil.
4. Ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni.
5. Ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent.

106. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að ekki sé merkt framan við listabókstafinn, en t. d. aftan við hann, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli orðið listi fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmalaflokks o. s. frv.

Lista í kjördæmi telst atkvæði, þó að ládst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

107. gr.

Utankjörfundaratkvæði, greitt lista fyrir breytingu á honum samkvæmt 32. gr., skal teljast greitt listanum þannig breyttum.

108. gr.

Nú kemur yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista saman um, að einhver kjörseðill sé ógildur, og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða, unz úrskurður er felldur.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn hefur úrskurðað gilda, og í hitt þá seðla, sem hún hefur úrskurðað ógilda.

52 Þá er allir kjörseðlar eru upplesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórn
14. ágúst atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti umboðsmanna, og skal þess gætt, að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra, sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna, og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Umslögnum með ágreiningsseðlunum skal því næst loka með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga umboðsmenn lista rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvikjandi kosningunni ásamt ágreiningsseðlunum, sem dómmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

109. gr.

Í kjördæmi skal telja saman, hve margir hafi kosið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna hvers um sig.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa atkvæðatölur listanna hverja fyrir neðan sinn bókstaf, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum.

Standi ekki svo mörg nöfn á lista sem honum ber fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

110. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi, skal reikna frambjóðendunum atkvæðatölu á eftirfarandi hátt:

Yfirkjörstjórn telur fyrst saman alla kjörseðla hvers lista, eins og engin breyting hafi verið gerð á listanum, og á efsti frambjóðandi hvers lista tvo þriðju atkvæðanna, en hver hinna frambjóðendanna það brot af þessari atkvæðatölu, að í teljara sé tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem frammar standa á listanum, og í nefnara tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á.

Síðan telur yfirkjörstjórn saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listanum, og á efsti frambjóðandi þriðjung atkvæðanna og aðrir frambjóðendur brot af þeirri atkvæðatölu eftir sömu reglu og í næstu málsgrein hér á undan.

Að lokum tekur yfirkjörstjórn alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð frambjóðendanna á listanum, og reiknar atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum eftir næstu málsgrein hér á undan. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkuð af þeim eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna. Sé strikað yfir nafn frambjóðanda á kjörseðli, telst honum ekki hluti úr atkvæði á þeim seðli.

Yfirkjörstjórn leggur saman framangreindar tölur hvers frambjóðanda, og er þá fundin atkvæðatala sú, sem segir til um, í hvaða röð frambjóðendur á listanum ná kosningu, fyrstur sá, sem hefur hæsta tölu þannig reiknaða, annar sá, sem hefur næsthæsta tölu o. s. frv., og svo margir, sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans. Ef tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafnháa tölu, sker hlutkesti úr á milli þeirra eftir reglum 113. gr.

111. gr.

Framboðslisti í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn, hefur rétt til varaþingmanna svo margra sem til endist á listanum, en sá listi, sem ekki hefur hlotið þingmann, hefur ekki rétt til varamanns, þó að hann hefði atkvæðatölu til.

Varamenn á hverjum lista taka sæti aðalmanna eftir atkvæðamagni, fyrst sá, sem flest atkvæði hefur hlotið, því næst sá, er fengið hefur næstflest atkvæði o. s. frv. Nú hefur kjörbréf verið veitt varamanni á lista í kjördæmi, en hann hlýtur síðar uppbótarþingsæti, og skal þá yfirkjörstjórn sú, er í hlut á, koma saman af nýju og gefa næsta frambjóðanda á þeim lista, ef til er, kjörbréf sem varaþingmanni.

112. gr.

Hafi ekki við almennar kosningar eða uppkosningar í sambandi við þær fleiri en einn listi verið í kjöri í kjördæmi, skal yfirkjörstjórn lýsa frambjóðendum listans kjörna sem þingmenn og varaþingmenn eftir reglum 110. og 111. gr., án tillits til þess, hver atkvæði honum hafa verið greidd, og eins, þó að enginn hafi greitt honum atkvæði.

113. gr.

Hafi tveir frambjóðendur eða fleiri jöfn atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri sem þingmenn, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra frambjóðenda, sem jöfn hafa atkvæði, á sams konar seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

114. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin að fullu, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörnu þingmönnum, og að svo stöddu jafnmörgum varaþingmönnum, kjörbréf, samið samkvæmt fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda dómsmálaráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

115. gr.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 102. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en aðeins eigi lýsa neinn þingmann kosinn, fyrr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

116. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur um atkvæðatölurnar hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina, hvaða atkvæðatala hafi fallið á hvern lista fyrir sig, og atkvæðatölu hvers frambjóðendanna samkvæmt 110. gr.

Skýrslunum skulu fylgja skilríki listanna um það, fyrir hvern stjórn málaflokk þeir hafi verið í kjöri, þau er fylgdu framboðum þeirra.

Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnnum í té eyðublað undir þessar skýrslur.

117. gr.

Yfirkjörstjórnir senda Hagstofunni, hver úr sínu kjördæmi, skýrslu um kosninguna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

XIV. KAFLI

Úthlutun uppþótarþingsæta.

118. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borizt skýrslur allar um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 116. gr.), skal hún koma saman til að úthluta 11 uppþótarþingsætum til jöfnunar milli þingflokka þannig, að hver þeirra fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við kosningarnar. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara stað og stund, er hún kemur saman í þessu skyni, svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 34. gr.).

119. gr.

Landskjörstjórn tekur til meðferðar og úrskurðar, að öllum skilríkjum athuguðum, hverjum stjórn mála flokkum skuli telja þá framboðslista, er í kjöri hafa verið við kosningarnar, og hverja utan flokka, einnig hverjir stjórn mála flokkar hafi náð þingsæti og teljist því þingflokkar, en aðrir flokkar koma ekki til greina við úthlutun uppþótarþingsæta.

Atkvæði, sem fallið hafa á lista utan flokka, koma ekki til greina við úthlutun uppþótarþingsæta.

120. gr.

Landskjörstjórn telur nú saman atkvæðatölur hvers þingflokks og fjölda þingmanna þeirra hvers um sig, kosinna í kjördæmum.

Hverjum þingflokki teljast samanlögð atkvæði, greidd framboðslistum flokksins í kjördæmum.

121. gr.

Til þess að finna, hvernig uppþótarþingsætum ber að skipta milli þingflokka, skal fara þannig að: Skrifu skal atkvæðatölur þingflokka hverja aftur undan annarri í sömu línu og deila í þær hverja um sig tölu þingmanna hlutaðeigandi þingflokks, kosinna í kjördæmum, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o. s. frv. Útkomurnar skal skrifa í röð niður undan atkvæðatölunum. Uppþótarþingsætum skal úthluta til þingflokka eftir tölum þessum þannig, að fyrsta uppþótarþingsætið fellur til þess flokks, sem hæsta á útkomuna, annað til þess, sem á hana næsthæsta, og síðan áfram eftir hæð talnanna, unz 11 uppþótarþingsætum hefur verið úthlutað.

Nú eru úthlutunartölur þingflokka jafnar, og skal þá varpa hlutkesti eftir reglu 113. gr. um það, hver eða hverjir þeirra þingflokka skuli hljóta þingsæti og (eða) í hvaða röð þeir skuli hljóta þingsæti, eftir því sem við á.

122. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur þingflokks hafa hlotið uppþótarþingsæti sem aðalmenn, skal fara þannig að: Fyrst skal gera flokknum landskjörlista, þannig að rita skal á lista í stafrófsröð nöfn allra frambjóðenda flokksins, er eigi hafa náð kosningu í kjördæmum. Því næst skal skrá við nafn hvers frambjóðanda þann atkvæðafjölda, er sæti því, sem hann skipar á framboðslistanum að kosningu lokinni, ber samkvæmt 109. gr. Ef þá eru á listanum tveir eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, skal að svo stöddu nema þá alla hurt, nema þann einn fyrir hvert kjördæmi, sem hæsta hefur atkvæðatölu. Því næst skal raða þeim frambjóðendum, sem eftir eru á listanum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefur, verði efstur, sá, sem að honum frágengnum hefur atkvæðatölu, er nemur hæstri hundraðstölu gildra kjörseðla í kjördæmi sínu, næst efstur o. s. frv. á víxl.

Nú fær þingflokkur ekki með þessari aðferð þau uppbótarþingsæti, sem hon- 52
um ber, og skal þá raða á landskjörslita flokksins á nýjan leik, þannig að þeir 14. ágúst
frambjóðendanna, er næsthæsta hlutu atkvæðatölu af þeim, sem ekki náðu kosningu
í kjördæmum, komi á listann og hljóti þeir síðan uppbótarsæti eftir sömu reglu
sem greinir í 1. málsg.

Þeir, sem nú standa eftir á landskjörslita hvers þingflokks, hafa náð kosn-
ingu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landskjörslita sem hlut-
aðeigandi þingflokki hafa hlotnast uppbótarþingsæti.

123. gr.

Þeir frambjóðendur á landskjörslita, er eigi hljóta uppbótarþingsæti sam-
kvæmt ákvæðum 122. gr., eru eins og til endist varaþingmenn landskjörinna þing-
manna af þeim lista, og fer um skipun frambjóðenda í sæti varamanna eftir regl-
um nefndrar greinar um aðalmenn.

124. gr.

Þegar úthlutað hefur verið uppbótarþingsætum samkvæmt 122. og 123. gr., skal
landskjörstjórn tafarlaust gefa þeim, sem kosningu hafa náð í uppbótarþingsæti, og
að svo stöddu jafnmörgum varamönnum, kjörbréf sem 1., 2., 3. o. s. frv. landskjörnum
þingmönnum eða varaþingmönnum, eftir þeirri röð, sem þeir hafa náð kosningu.
Kjörbréfin skulu gerð eftir fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um.

Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu tilkynningu um úthlutun upp-
bótarþingsætanna, og skal birta nöfn hinna landskjörnu þingmanna í B-deild Stjórn-
artíðindanna.

125. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur flokkanna og
úthlutun uppbótarþingsætanna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

126. gr.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna stjórnmalaflokks, sem þátt hefur tekið
í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðs-
menn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Lands-
kjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun
uppbótarþingsæta svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnnum, sem ágrein-
ingur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þing-
byrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

127. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað ógilda kosningu lista þingflokks eftir almennar
alþingiskosningar, og uppkosning hefur farið fram (sbr. 136. og 137. gr.), og skal
þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala
þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótar-
þingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi við það umboð sitt.

Þó að framboðslisti flokks fjölgi við sig atkvæðum við uppkosningu, miðast
uppbót flokksins aldrei við hærri atkvæðatölu en honum var reiknuð eftir aðal-
kosninguna. Flokkur, sem við aðalkosninguna hefur ekki náð þingsæti í kjördæmi,
en nær því við uppkosningu, fær ekki við það rétt til uppbótarþingsætis.

XV. KAFLI

Kosningum frestað, uppkosningar og kosningar eftir þingrof.

128. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kaupstöðum og kaupfélögum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda það gagnert á hvert heimili.

Farist kosning fyrir, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. málsg. þessarar greinar.

Undirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild, eftir að hún er hafin, ef hún telur óviðráðanlegar ástæður eins og óveður hindra það, að kosning geti fram haldið, og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina, enda komi til samþykki yfirkjörstjórnar. Yfirkjörstjórn í Reykjavík tekur ákvörðun um frestun kosninga þar. Hafi kosningu verið frestað, ber að kveðja til kjörfundar að nýju með sama hætti og segir í 1. málsg. þessarar greinar.

Þegar kosningu hefur verið frestað, skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 100. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu, að kjörskráin og þau eftirrit hennar, sem kjörstjórnin hefur haft til afnota, skulu lögð með öðrum kjörgögnum í poka þann, sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag, opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans, kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði, má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu, þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XII. kafla laganna, eftir því sem við á.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosningu fara fram í kjördeildinni, og fer um hana að öllu á sama hátt og fyrir segir.

129. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkvæmt 46. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 136. og 137. gr. þessara laga, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga í kjördæmi og ákveða kjördag, svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en innan mánaðar.

Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn.

Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

130. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður forseti þá kjördag, sem skal tilkynna yfirkjörstjórnnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

XVI. KAFLI

Skil á utankjörfundarkjörgögnum.

52

14. ágúst

131. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni (í Reykjavík borgarfógeta), sem þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatazt, skal þess getið sérstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörfunda séu svo greinileg, að séð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hefur verið notað.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) senda síðan dómsmálaráðuneytinu afrit bóka þeirra, sem þeir halda yfir kjörgögnin (sbr. 46. gr.), ásamt skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við uppkosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefur verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna (í Reykjavík borgarfógeta).

Sendiráð og ræðismannsskrifstofur skulu strax að afstöðnum hverjum kosningum senda dómsmálaráðuneytinu fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins skilagrein yfir notuð kjörgögn ásamt skýrslu um það, sem ónotað er. Hin ónotuðu kjörgögn skulu fylgja skýrslunni.

132. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu þegar að lokinni atkvæðatalningu taka alla utankjörfundarseðla, aðra en þá, sem ágreiningur kann að vera um og teknir hafa verið frá samkvæmt ákvæðum 108. gr., búa um þá í sterku umslagi eða umbúðapappír, innsigla bréfið eða böggulinn vandlega og senda til sýslumanna þeirra eða bæjarfógeta, sem úthlutuðu utankjörstaðagögnum í kjördæminu (í Reykjavík borgarfógeta). Geta skal þess með greinilegri áritun, að í bréfinu eða bögglinum séu notaðir utankjörfundarseðlar og frá hvaða kosningu.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár, og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafizt af rannsóknardómara í sakamáli út af grun um atkvæðafölsun, skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.

XVII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll.

133. gr.

Það er óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll:

1. Að safna undirskriftum undir áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi svo og að undirskrifa slíkar áskoranir fram yfir það, sem tekið er fram um meðmælendur með framboðslistum í 27. gr. Þó er stjórn málafélagi, sem gert hefur ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.
2. Að safna undirskriftum um stuðning eða andstöðu við ákveðin málefni, sem heyra eða heyrt geta undir valdsvið Alþingis, eftir að almennar alþingiskosningar hafa verið ákveðnar.

- 52 3. Að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði
14. ágúst eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum, ef kosning fari svo eða svo, að torvelða hjúi sínu eða öðrum, sem menn hafa yfir að segja, sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar.
4. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.
5. Að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.
6. Að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess, að maður verði settur á kjörskrá, sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá, sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns, er stendur á kjörskrá, eða fyrr en manni ber samkvæmt kjörskránni.
- Hér undir heyrir sérstaklega, ef maður telur sig til málamynda heimilisfastan í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá.
7. Að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar.
8. Að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði, sem greitt hefur verið, eða á annan hátt.

XVIII. KAFLI

Kosningakærum.

134. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði eða að framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn, svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan 4 vikna, frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kæru í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað umboðsmönnum framboðslistans annað samritið, en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

135. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð hreppsnefnda og bæjarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til dómsmálaráðuneytisins, og fer um málareksturinn að hætti opinberra mála með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefur atkvæði við kosningar til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefur greitt atkvæði.

XIX. KAFLI

Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

136. gr.

Ef Alþingi berst kæra um, að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn, rannsakar það kærana

og fellir úrskurð um hana, jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim, er Alþingi berast frá yfirkjörstjórn viðvikjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í þingskötum.

52
14. ágúst

Ef þingmaður er ekki kjörgengur, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns, sem ætla má, að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda, og einnig án þess, ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum eða fyrir fleiri stjórnmalaflokka en einn eða fyrir stjórnmalaflokk og jafnframt utan flokka við hinar sömu alþingiskosningar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Eigi varðar það ógildingu kosningar, þó að gilt hafi verið metið atkvæði kjósenda utan kjörfundar, sem síðar hefur verið upplýst um, að hafi verið staddur á kjörstað á kjördegi (sbr. 92. og 96. gr.).

137. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda, og skal þá uppkosning fara þar fram.

XX. KAFLI

Hvernig varamenn taka þingsæti.

138. gr.

Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim, er greinir í 111. gr., þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá, tekur sá varamannssæti, sem næstur er á listanum og ekki var áður varamaður. Varamenn landskjörinna þingmanna taka sæti eftir hliðstæðri reglu.

Ef þingmaður í kjördæmi eða landskjörinn þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður í kjördæmi eða landskjörinn þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefur ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns, skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið eða því slitið eða frestað áður.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan Alþingis, er sá þingmaður sat í, er þeir taka sæti hans.

XXI. KAFLI

Kostnaður.

139. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn

52
14. ágúst

- lætur í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.
2. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er yfirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði, þar sem talning atkvæða fer fram.
 3. Hreppsjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, fyrir húsnæði til kjörfunda, svo og fyrir viðhald og endurnýjun atkvæðakassa með tilheyrandi pokum.

XXII. KAFLI

Refsiákvæði.

140. gr.

Það varðar sektum frá 1000—20000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

141. gr.

Það varðar sektum frá 400—4000 kr.:

1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur.
2. Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum eða fyrir fleiri en einn stjórnmalaflokk eða fyrir stjórnmalaflokk og jafnframt sem utanflokkamaður.
3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þessum. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð.
4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra (sbr. 69. og 91. gr.).
5. Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kýs eða hefur kosið (sbr. þó 88. gr.).
6. Ef maður njósna um, hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið.
7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu.
8. Ef maður aðstoðar kjósanda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða ef kjósandi þiggur slíka aðstoð.
9. Ef kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar og komið atkvæðinu til undirkjörstjórnar, er staddur innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar á þeim tíma, sem atkvæðagreiðslan fer fram, vanrækir að tilkynna undirkjörstjórn nærveru sína (sbr. 92. gr.).
10. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefur verið trúað fyrir, eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna.
11. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greiddum utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar (sbr. þó 64. gr.).
12. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 133. gr. 6. tölulið, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum.
13. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

142. gr.

52

Það varðar 2000—20000 króna sekt, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum: 14. ágúst

1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósna um, hvernig kjósandi kys eða hefur kosið, eða gefur vísitandi villandi kosningaleiðbeiningar.
2. Ef kjörstjórnarmaður segir frá, hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði.
3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna samkvæmt 55. gr. eða atkvæðakassa samkvæmt 100. gr., tefur fyrir, að það komist til skila.
4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.
5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

143. gr.

Það varðar 1000—20000 króna sekt, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum:

1. Ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni.
2. Ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

144. gr.

Það varðar varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum:

1. Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill.
2. Ef maður vísitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

145. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

XXIII. KAFLI

Hvenær lög in öðlast gildi.

146. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrárbreytingu þeirri, sem samþykkt er af Alþingi sumarið 1959, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, og lög um breytingar á þeim lögum, nr. 56 1946, nr. 20 1950, nr. 66 1953, nr. 36 1957, nr. 91 1957 og nr. 9 1959, svo og öll önnur ákvæði í lögum, er í bága kunna að koma við þessi lög.

52

Ákvæði til bráðabirgða.

14. ágúst

Í kosningum þeim, sem fram fara næst eftir gildistöku þessara laga, skulu vera tveir kjördagar, þó ekki í þeim kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaupsþéttbýlis.

Ef öll kjörstjórnin er sammála og allir frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra, sem mættir eru, samþykkja, má kjörstjórn, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, ákveða, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé kjörbókin undirrituð af frambjóðendum og umboðsmönnum, sem samþykkt hafa. Hafi 80% eða fleiri af kjósendum í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkv. 82. gr., nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

Hinn fyrri kjördag skal setja kjörfund kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag kl. 12 á hádegi.

Gjört í Reykjavík, 14. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

53

FORSETA BRÉF

15. ágúst

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi, 79. löggjafarþing, hefur lokið störfum.

Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 15. ágúst 1959.

Gjört í Reykjavík, 15. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

54

FORSETA BRÉF

15. ágúst

um almennar kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt ákvæði um stundarsakir í stjórnarskipunarlögum nr. 51 frá 14. ágúst 1959, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944, skulu almennar kosningar til Alþingis fara fram, er nefnd stjórnarskipunarlög öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 52 frá 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, er ákveðið, að í kosningum þessum skuli kjördagar vera tveir. 54
15. ágúst

Því mæli ég svo fyrir, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram sem hér segir:

Í kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaup-
túns: sunnudaginn 25. október n. k.

Annars staðar: sunnudaginn 25. október og mánudaginn 26. október n. k.

Gjört i Reykjavík, 15. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1959.

55

17. ágúst

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1959 skal koma saman föstudaginn 20. nóvember, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 3/1959, um samkomudag reglulegs Alþingis 1959.

Gjört i Reykjavík, 17. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

Stjórnartíðindi 1959, A. 6.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um verð landbúnaðarafurða.

56

18. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að vegna sérstaks ágrein-
ings fulltrúa neytenda og framleiðenda hafi ekki tekizt að ákveða söluverð
landbúnaðarafurða á innlendum markaði á þann hátt, sem lög nr. 94/1947
um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á
landbúnaðarvörum o. fl., gera ráð fyrir. Landbúnaðarráðherra hefur enn

A 25

Endurprentað blað.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

56
18. sept.

fremur tjáð mér, að til þess að tryggja efnahagsjafnvægi og atvinnuöryggi í landinu þangað til Alþingi getur fjallað um þessi mál að afstöðnum kosningum þeim, sem fram eiga að fara 25. og 26. október n. k., og meðan kaupgjald í landinu helzt óbreytt, sé nauðsynlegt að verð landbúnaðarafurða hækki ekki. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Heildsölu- og smásöluverð það á sauðfjárafurðum, mjólk og mjólkurvörum, nautgripakjöti og hrossakjöti, sem kom til framkvæmda 1. marz 1959 samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febrúar 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. september til 15. desember 1959.

Sumarverð á kartöflum skal niður falla eigi síðar en 25. september 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. desember 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á kartöflum, er kom til framkvæmda 1. marz 1959, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febrúar 1959.

Sumarverð á gulrófum skal niður falla eigi síðar en 25. september 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. desember 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á gulrófum, er kom til framkvæmda 22. september 1958, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 21. september 1958.

Heildsölu- og smásöluverð það á eggjum, er kom til framkvæmda 1. apríl 1959 samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. marz 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. september til 15. desember 1959.

Útsöluverð mjólkur í pappambúðum má vera 20 aurum herra hver lítri heldur en útsöluverð mjólkur á flösku.

2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum allt að kr. 500 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Staddur í Vatnsdal, 18. september 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

57

24. jan.

um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands.

Hinn 13. janúar 1959 var viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ungverjalands frá 6. marz 1953 (Stj.tíð. 1953, A. nr. 53) framlengdur óbreyttur til ársloka 1959. Samningurinn var framlengdur með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ungverjalands í Moskva.

Utanrikisráðuneytið, 24. janúar 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

58

17. ágúst

um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 21. maí 1959 var undirritað í Stokkhólmi samkomulag um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1959 til 31. marz 1960. Viðskiptasamkomulagið er óbreytt frá fyrra ári. (Stj.tíð., A. 56/1958).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 17. ágúst 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

59

20. ágúst

um samkomulag milli Íslands og Spánar um afnám vegabréfsáritana.

Hinn 30. júní 1959 skiptust sendiráð Íslands og Spánar í Oslo á erindum, þar sem gert var samkomulag um afnám vegabréfsáritana, enda sé ekki um að ræða dvöl í atvinnuskyni eða lengri tíma en þrjá mánuði.

Samkomulag þetta gekk í gildi 1. júlí 1959.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 20. ágúst 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

60

24. ágúst

AUGLÝSING

um framlengingu á viðskiptasamningi milli Íslands og Ítalíu.

Með erindaskiptum í Reykjavík, dags. 22. júlí 1959, var viðskiptasamningur Íslands og Ítalíu frá 10. desember 1956 (Stj.tíð., A. 89/1956) framlengdur óbreyttur til 1. nóvember 1959.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 24. ágúst 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

61

24. ágúst

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Ísrael.

Með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ísrael í Stokkhólmi, dags. 29. maí 1959, var viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ísrael frá 18. maí 1953 (Stj.tíð., A. 60/1953) framlengdur óbreyttur til 18. maí 1960.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 24. ágúst 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

62

24. ágúst

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í París 6. júlí 1959 var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 (Stj.tíð., A. 122/1951) framlengdur til 31. marz 1960.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á svipuðum grundvelli og verið hefur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 24. ágúst 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

FORSETA BRÉF

63

10. nóv.

um að reglulegt Alþingi 1959 skuli koma saman til fundar
föstudaginn 20. nóvember 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1959 skuli koma saman til fundar föstudaginn 20. nóvember 1959.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 10. nóvember 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

AUGLÝSING

64

20. nóv.

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Eftir tillögu forsætisráðherra og samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar hefur forseti Íslands í dag sett eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

- I. Forsætisráðherra Ólafur Thors. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, mál, er varða forsetaembættið, Alþingi, nema að því leyti, sem öðru vísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, er varða stjórnarráðið í heild, hin íslenska fálkaorða og önnur heiðursmerki. Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla. Ríkisbúið að Bessastöðum. Athuganir á efnahagsmálum í umboði ríkisstjórnarinnar allrar.
- II. Ráðherra Bjarni Benediktsson. Undir hann heyrir dómaskipan, dómsmál, þar undir framkvæmd refsidóma, hegninga- og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, þ. á m. gæzla landhelginnar og löggjöf um verndun fiskimiða landgrunnins, áfengismál, strandmál, sífjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignarréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Kirkjumál. Heilbrigðismál, þar undir sjúkrahús og heilsuhæli. Iðju- og iðnaðarmál, þar undir Iðnaðarbankinn, Iðnaðarmálastofnun Íslands, útflutningur iðnaðarvara. Sementsverksmiðja ríkisins. Landsmiðjan, iðnfélög, öryggiseftirlit. Einkaleyfi.
- III. Ráðherra Emil Jónsson. Undir hann heyra sjávarútvegsmál, nema að því leyti, sem öðru vísi er ákveðið, þar undir Fiskifélagið, Fiskimálasjóður og Fiskveiðasjóður Íslands, sildarútvegsmál (sildarverksmiðjur og sildarútvegsnefnd), sjávarvöruiðnaður og útflutningur sjávarafurða. Vita- og hafnamál, strandferðir. Almenn siglingamál, þar undir atvinna við siglingar. Skipaskoðun ríkisins, Eimskipafélag Íslands h.f. Félagsmál, almannatryggingar, atvinnu-

64
20. nóv.

bótamál, atvinnuleysistryggingar, Brunabótafélag Íslands, vinnudeilur, sveitastjórnar- og framfærslumál, nema að því leyti, sem öðruvísi er ákveðið. Barnaheimili. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berklasjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistryktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífs-ábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingasjóðir. Húsnæðismál, þar undir byggingarfélag. Mælitækja- og vogaráhaldamál. Veðurstofan.

IV. **Ráðherra Guðmundur Í. Guðmundsson.** Undir hann heyra utanríkismál, framkvæmd varnarsamningsins, þ. á m. lögreglumál, dómsmál, tollamál, póst- og símamál, flugmál, radarstöðvarnar, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál, er leiða af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu. Gildir þetta um varnarsvæðin og mörk þeirra.

V. **Ráðherra Gunnar Thoroddsen.** Undir hann heyra fjármál ríkisins, þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna, undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjáraukalög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningaslátta. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Hagskýrslugerð ríkisins. Almanaskráning. Framkvæmdabanki Íslands. Tekjustofnar sveitar- og bæjarfélaga og gjaldskrár þeirra. Mæling og skrásetning skipa.

VI. **Ráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason.** Undir hann heyra menntamál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undanteknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun. Menntamálaráð Íslands, Þjóðleikhús og önnur leiklistarmál, tónlistarmál, kvikmyndamál, söfn og aðrar menningarstofnanir, sem reknar eru eða styrktar af ríkinu. Atvinnudeild háskólans. Rannsóknarráð ríkisins. Önnur mál, er varða vísindi og listir. Barnaverndarmál. Skemmtanaskattur. Félagsheimilassjóður. Íþróttamál. Bókasöfn og lestrarfélög. Iðnaðarnám. Viðskiptamál, þar undir innflutningsverzlun, gjaldeyris- og verðlagsmál. Bankamál, að svo miklu leyti, sem einstakir bankar eru ekki undanteknir. Efnahagssamvinnan (OEEC), alþjóða-fjármálastofnanir og erlend tækniáðstoð. Innkaupastofnun ríkisins. Ferðaskrifstofa ríkisins.

VII. **Ráðherra Ingólfur Jónsson.** Undir hann heyra landbúnaðarmál, þ. á m. útflutningur landbúnaðarafurða, ræktunarmál, þ. á m. skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélag, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóðjarðamál. Búnaðarbanki Íslands. Áburðarverksmiðjan h.f. Vega- og brúamál. Flugmál, þ. á m. flugvallarekstur. Póst-, síma- og loftskeytamál. Kaupfélög og samvinnufélög. Rafmagnsmál, þ. á m. rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Námurekstur.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál. Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 23. desember 1958, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 20. nóvember 1959.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius

FORSETA BRÉF

65

7. des.

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 80. löggjafarþings, frá 7. desember 1959, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 28. janúar 1960.

Gjört í Reykjavík, 7. desember 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

66

15. des.

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til febrúarloka 1960 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga 1959 öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1960 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17. 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum, nr. 40/1954.
- c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.
- e. Með 200% álagi skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927 og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Gjöld samkv. l. nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal á árinu 1960 innheimta þannig:

- a. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laganna skal innheimta 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.
- b. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e-liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1959, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1960, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzin, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1960, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
- c. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar. Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

4. gr.

67

Gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, framlengist þannig: 15. des.

- a. Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og í 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1960 með þeim breytingum, sem greinir í b- og c-lið hér á eftir.

- b. Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi:

Heildsala er undanþegin söluskatti samkvæmt 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkvæmt 22. gr. umboðspóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

- c. 22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, skal ekki greiða söluskatt, enda hafi aðilar þessir, eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá, ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
2. Greiða skal 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum, matsölu, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðspóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

5. gr.

Lög nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., breytast þannig á árinu 1960:

I. Innheimta skal:

A. Vörumagnstoll með þessum hækkunum:

- a. Af benzíni öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað eins eyris.
- b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

67
15. des.

B. Verðtoll með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið. Innheimta skal og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolti samkv. tollskrá og hækkunum samkv. þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolfertilit, frestað til ársloka 1960.

II. Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A-liðar og B-lið í I. tölulið þessarar gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	27 — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt I. tölulið þessarar greinar.

III. Heimilt skal að fella niður aðflutningsgjöld af:

- Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

68
15. des.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að samkomulag hafi náðst milli fulltrúa neytenda og fulltrúa framleiðenda um það, hvornig ákveða skuli framleiðslukostnað og verðlagningu landbúnaðarvara, og að nauðsyn beri til að setja viðauka við lög nr. 94 5. júní 1947 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. í samræmi við þetta samkomulag.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkv. 28. gr. stjórnarskrár- 68
innar, á þessa leið:

15. des.

1. gr.

Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildar-
tekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra
vinnandi stétta.

2. gr.

Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum framleiðenda landbúnaðarvara og
neytenda, skal, á grundvelli ákvæðis 1. gr., ákveða afurðaverð til framleiðenda og
verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga.
Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af
framleiðsluráði landbúnaðarins, en þrír af stjórnnum eftirtalinnna samtaka neytenda:
Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna og Sjómannafélags
Reykjavíkur.

Hagstofustjóri skal vera neindinni til aðstoðar.

3. gr.

Sex manna nefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll,
þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða og um verð til fram-
leiðenda á einstökum landbúnaðarvörum. Verði samkomulag með öllum nefndar-
mönnum um slíkan verðlagsgrundvöll þá skal verð það til framleiðenda, sem í
honum felst, gilda við verðlagningu landbúnaðarvara frá byrjun viðkomandi
verðlagsárs.

Samhliða því að sex manna nefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar
samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr., skal framleiðsluráð landbúnaðarins láta í té
rökstuddar tillögur um raunverulegan vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðar-
vara og um smásöluálagningu, til verðlagningar á söluvörum landbúnaðarins frá
byrjun viðkomandi verðlagsárs. Jafnframt skal framleiðsluráð leggja fyrir nefnd-
ina tillögu um hækkanir á söluverði kindakjöts og garðávaxta vegna geymslukostna-
aðar á verðlagsárinu. Sex manna nefnd skal, með hliðsjón af þessum tillögum fram-
leiðsluráðs, leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað land-
búnaðarvara í heildsölu og smásölu og um geymslukostnað kindakjöts og garðávaxta.

Nú næst ekki samkomulag í sex manna nefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrund-
vallar samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr., eða varðandi verðlagningu söluvara sam-
kvæmt 2. málsgr. þessarar gr., og skal þá vísa ágreiningsatriðum til sérstakrar yfir-
nefndar. Skal hún skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum fram-
leiðenda í sex manna nefnd, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem odda-
manni. Yfirnefnd fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin.

Ákvæðin um yfirnefnd gilda meðan verð landbúnaðarvara er greitt niður með
opinberu fé eða greiddar eru útflutningsuppbætur á þær.

4. gr.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda samkvæmt 3.
gr. gildir fyrir eitt ár í senn frá byrjun hvers verðlagsárs 1. september, og skal hann
vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, nema annað sé ákveðið með samkomulagi
í sex manna nefnd. Verðlagsgrundvöllur hvers árs framlengist sjálfkrafa um eitt ár
í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum framleiðenda eða fulltrúum neytenda
fyrir 1. marz á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér
saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp, færir
Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breyt-

68 ingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir útreikningsreglum, sem ákveðnar hafa verið af 15. des. sex manna nefnd.

5. gr.

Hagstofa Íslands skal fyrir 15. ágúst ár hvert afla fullnægjandi gagna handa sex manna nefnd um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og um afurðamagn, svo og um tekjur vinnandi stétta á undangengnu ári, sbr. ákvæði 1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal á ári hverju afla fullnægjandi gagna um dreifingar- og vinnslukostnað landbúnaðarvara og leggja þau fyrir sex manna nefnd svo tímanlega, að verðlagningu samkvæmt 3. gr. geti verið lokið á tilsettum tíma, sbr. ákvæði 4. gr.

6. gr.

Heimilt er að breyta afurðaverði til framleiðenda — og þar með söluverði landbúnaðarvara — ársfjórðungslega frá 1. desember, 1. marz og 1. júní, vegna breytingar kaupgreiðsluvisitölu eða vegna hækkunar grunnkaups, í samræmi við ákvæði 8. gr. laga nr 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl. Nú telur framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt nefndu lagaákvæði, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar, og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsg. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

Nú telur framleiðsluráð rétt að breyta söluverði landbúnaðarvöru til samræmis við breytingu, sem orðið hefur á vinnslu- og dreifingarkostnaði, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar, og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsg., 3 gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

7. gr.

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. september, skal ákveða verð á kjöti af því fé þeim muna hærra en hið ákveðna haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna, að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um verðlagningu garðávaxta, sem koma á markað fyrir 15. september. Skal verð þeirra við það miðað, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Í hvert skipti sem framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt að ákveða sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði, samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar gr., skal það án tafar tilkynna báðum nefndurhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar, og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsg. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

8. gr.

Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

9. gr.

68

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands. 15. des.

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. málgr. þessarar gr.

10. gr.

Kostnaður við framkvæmd þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa stráum af kostnaði við öflun og úrvinnslu gagna, sem það leggur fyrir sex manna nefnd.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld öll eldri lagaákvæði, er brjóta í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara fyrir verðlagsárið 1. september 1959—31. ágúst 1960 skal ákveðinn eftir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði 1. og 3. málgr. 3. gr. þessara laga. Jafnframt skal ákveða söluverð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu í samræmi við ákvæði 2. og 3. málgr. 3. gr. þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

AUGLÝSING

69

28. sept.

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 2. september 1959 var undirritað í Prag samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu á tímabilinu frá 1. september 1959 til 31. ágúst 1960. Samkomulag þetta er gert í samræmi við ákvæði viðskiptasamnings Íslands og Tékkóslóvakíu, sem undirritaður var í Prag hinn 1. október 1957 (Stj.tíð., A. 87/1957).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 28. september 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

70
23. des.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 74 30. desember 1958, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í ráði sé að hækka bætur almannatrygginganna verulega í byrjun næsta árs, en nauðsynleg lagasetning þar að lútandi hafi enn eigi farið fram, en slík breyting hafi óhjákvæmilega áhrif á fjárhæð iðgjalda og framlaga, sem lögum samkvæmt skuli ákveðin fyrir árslok. Beri því brýna nauðsyn til að heimila með bráðabirgðalögum frestun á ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginganna á árinu 1960, samkvæmt 24. og 25. grein laga nr. 24/1956, um almannatryggingar. Þar eð afgreiðsla þessara mála sé enn fremur nátengd afgreiðslu fjárlaga, þyki rétt að heimila frestun til þess tíma, er fjárlög hafa verið sett.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 74 30. desember 1958, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar orðist svo:

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginganna á árinu 1960, samkvæmt 24. og 25. grein laganna, þar til fjárlög fyrir árið 1960 hafa verið sett.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

